

FRÉTTABLAÐIÐ

95. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR LAUGARDAGUR 22. MAÍ 2021

Styrktist í sorginni

María Heba Þorkelsdóttir fer með hlutverk móður sem missir barn sitt í *Systraböndum*, en þeirri reynslu deilir hún með karakter sínum. María missti barn í móðurkviði árið 2006 og segir reynsluna hafa kennt sér marga og styrkt sambandið við eiginmanninn. > 20



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Skoðar reynslu gerenda

Dokorsneminn Rannveig Guðjónsdóttir rannsakar upplifun feðra sem beitt hafa ofbeldi í nánnum samböndum. > 24



Villist alltaf af leið

Teiknarinn Lóa Hjálmtýsdóttir segir að sér hafi verið bjargað af skipulögðu fólki. > 26



Eigum alltaf séns

Gagnamagnið getur sigrað í hressustu Eurovision-keppni síðustu ára. > 48

ÁFRAM DAÐI FREYR OG GAGNAMAGNIÐ!

Græjaðu þig upp fyrir stóra kvöldið!
#12stig



ELKO

Hvítasunnudagur.....LOKAD
Annar í hvítasunnu.....12:00 - 18:00



Borgin bar fyrir sig áralangt samband við Orkuveitu Reykjavíkur.

Borgin sektuð um tvær milljónir

arib@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Reykjavíkurborg þarf að greiða 2 milljónir í stjórnvaldssekt fyrir viðvarandi viðskipti við Orku náttúrunnar (ON) um rekstur og viðhald götulýsingar, í trássi við lög um opinber innkaup. Þetta er niðurstaða kæruneftar útbóðsmála sem telur borgina hafa brotið gegn útbóðsskyldu sinni. Samkvæmt úrskurði þarf borgin að bjóða út þjónustu við útskiptingu og uppsetningu LED-lampa í Reykjavík.

Í fyrra kærðu Samtök iðnaðarins samninga borgarinnar við ON um rekstur og viðhald á LED-væðingu götulýsingar. Um er að ræða verkefni upp á meira en þrjú milljarða króna. ON er dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur sem er að mestu í eigu borgarinnar. Við meðferð málsins upplýsti borgin að aldrei hefði verið gerður samningur við ON, götulýsing hefði alltaf verið í höndum Orkuveitunnar og tilvist dótturfélagsins væri aðeins bókhaldslegs eðlis. ■

Keppt við náttúruöflin



Stjórnvöld keppa nú við náttúruöflin og hækka varnargarða við eldgosíð á Reykjanesskaga, einkum til að fyrirbyggja hraunrennsli í Nátthaga. Ríkisstjórnin samþykkti í vikunni að verja allt að 20 milljónum til hækkunar garðanna í átta metra. Þeir hafa verið byggðir úr efni sem finna má á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tíðinda vænst í vikunni

adalheidur@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Uppstillinganefndir Viðreisnar á suðvesturhorninu eru enn að störfum, en að sögn Jennýjar Guðrúnar Jónsdóttur, framkvæmdastjóra flokksins, má búast við því að það dragi til tíðinda í næstu viku í þeim kjördæmum sem enn hafa ekki tilkynnt um framboðslista sína.

Töluverð spenna ríkir um oddvitasætin í Reykjavík, en flokkurinn á einn þingmann í báðum kjördæmum borgarinnar, þær Hönnu Katrínu Friðriksson og Sigríði Þorbjörgu Gunnlaugsdóttur.

Báðar hafa lýst yfir vilja til að halda áfram en varaformaður flokksins, Daði Már Kristófersson, vill einnig vera í forystu í borginni.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er alls ekki samhljómur



Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir þingkona Viðreisnar í Reykjavík.

í uppstillingarnefnd Reykjavíkur um að færa aðra þingkonuna neðar á lista til að hleypa varaformanninum að. Miðað við kannanir fær flokkurinn aðeins einn mann kjörinn í hverju kjördæmi og því aðeins oddvitasætin örugg þingsæti.

Þá hefur einnig verið bent á að karlar muni leiða öll þrjú kjördæmi landsbyggðarinnar og haldi allar þingkonur flokksins sínum oddvitasætum verði kynjahlutfall meðal oddvita flokksins jafnt. ■

Ekki hægt að búast við öðru en stórkostlegu Euro-kvöldi

Foreldrar Daða og Sigrúnar Birnu í Gagnamagninu ætla að hlýða fyrirmælum sonar síns og blása til Eurovision-veislu á heimili sínu í Vörðuholti í Ásahreppi.

benediktboas@frettabladid.is

EUROVISION „Það er óhætt hægt að segja að þetta hafi verið frábært. Við vorum að sjá þetta atriði í fyrsta sinn og fannst það stórkostlegt,“ segir stoltur Eurovision-pabbinn Pétur Einarsson, faðir Eurovision-stjórnunnar Daða og bakraddasöngvarans Sigrúnar Birnu.

Pétur horfði á börnin sín og tengdadóttur rúlla upp undan kvöldinu í Rotterdam og viðurkennir að púlsinn hafi aðeins farið upp þegar ræða Gísla Marteins var búin og Gagnamagnið var kynnt á svið. Hann var þó stressaðri þegar atkvæðin voru talin. „Þetta venst einhvern veginn, þessi athygli á þeim. Einhvern veginn samt skynjar maður ekki að það séu 150 milljónir plús að horfa. Maður finnur það ekki.“

Markmið Daða var að komast í úrslitin til að hægt yrði að halda almennilegt Eurovision-partí á Íslandi. Ég ætla svo sannarlega að fara eftir þeim fyrirmælum,“ segir hann, en dóttir Daða og Árnýjar, Áróra, er í öruggu fangi afa og ömmu meðan Eurovision gengur yfir.

„Við verðum sex saman hér og Áróra, sem er mikið partíljón, þannig að það er ekki hægt að búast við öðru en að hér verði stórkostlegt kvöld.“

Pétur og kona hans Björg hafa eðlilega verið í töluverðu sambandi við Rotterdam. Hann viðurkennir að andinn sé góður á hótélherbergjunum þar sem hópurinn þarf



Foreldrar Daða ætla eins og trúlega flestir landsmenn að blása í gleðilúðrana og halda upp á það að Daði, Sigrún Birna systir hans og tengdadóttirinn flytji 10 years fyrir Evrópu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Pétur Einarsson faðir Daða og bakraddasöngvarans Sigrúnar Birnu.

að húka meðan beðið er eftir neikvæðu Covid-prófi. „Það er mjög súrrealískt að þau séu þarna úti en föst á hótélherbergjum. Það er absurd og makalaust að þetta sé eini hópurinn í keppinni sem er undir allt öðrum hatti en aðrir.“

Hann segir að hópurinn sé ánægður með hvernig hafi gengið og sé sáttur við sinn hlut, þrátt fyrir að vera lokaður inni á herbergjum á hóteli. „Við erum alveg í skýjunum með þau. Finnst þetta alveg frábært og flott atriði.“

Enda ekki annað hægt. Við mamma hans syngjum bakraddir í kaflanum You're so fascinating og það er í hástöfum í bakgrunni af því að það heyrir svo vel í okkur Björgu. Ég geng út frá því,“ segir hann og hlær. ■

Tenerife í sumar

Beint morgunflug

Marylanza

- 10. júlí í 7 nætur
- 2 fullorðnir og 2 börn

Frá 114.900 kr

www.aventura.is



- Sími: 556 2000
- Sundagarðar 2 - 104 Reykjavík

Það er allit opið!

ÞIÐ LEIKIÐ YKKUR AÐ ÞESSU!

Við óskum Daða og Gagnamagninu góðs gengis í kvöld. Þið fluguð áfram í úrslitin og munuð leggja Evrópu að fótum ykkar, með leikgleðina að vopni.

PLAY er íslenskt lággjaldaflugfélag sem flýgur á nýjum Airbus flugvélum. Við gerum ferðalagið ódýrara, einfaldara og skemmtilegra fyrir okkur öll. Bókaðu flug til sjö áfangastaða á flyPLAY.com. Borga minna. Leika meira!

PLAY

■ Tölur vikunnar




26.676
ferkilómetrar á Íslandi eru friðlýstir.

13,6
milljónir króna er samantögn upphæð sekta sem lögreglan hefur rukkað einstaklinga og fyrirtæki um fyrir sóttvarna-brot.



70
prósenta samdráttur varð á losun gróðurhúsalofttegunda frá íslenskum flugrekendum milli 2019 og 2020.



97
milljónir króna er áætlað hæsta tap einstaklings á Íslandi vegna netsvindls.



323
bílaeiguökutæki voru nýskráð í ár. Þau voru aðeins 41 í fyrra.

■ Þetta sögðu þau



Þórunn Sveinbjarnardóttir

leiðir framboðslista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi

Þótt margt hafi gengið betur á Íslandi en annars staðar í baráttunni við veiruna skulum við ekki gera lítið úr áhrifum sóttvarnaaðgerða og samkomutakmarkana á lífsgæði þeirra sem eru í framhalds- og háskólanámi. Eðlilegt félagslíf hefur ekki verið í boði og síðastliðið ár hefur einkennst af fjarnámi og félagslegri einangrun. ■



Katrín Atladóttir

borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Hvað veldur því að stelpur hjóla síður en strákar? Konur 25-44 ára eru helmingi ólíklegri til að hjóla en karlar. Stelpur hafa því síður fyrirmynd í mæðrum sínum. Höfða hjólreiðar síður til stelpna? eru foreldrar síður að hvetja þær til hjólreiða? eru hjól ætluð stelpum ekki eins þægileg og góð og hjól sem eru ætluð strákum? eru þau þyngri eða með færri gíra? Hafa þær áhyggjur af því að hjálmurinn rugli hárinu á þeim? ■



Hlynur Hallsson

safnstjóri Listasafnsins á Akureyri

Söfn eru einhver öruggasti staðurinn í miðjum heimsfaraldri, það á helst ekki að snerta viðkvæma hluti, auðvelt er í flestum tilfellum að halda 2 metra regluna og sjaldan er mógur og margmenni á söfnum. Söfn eru vin í eyðimörkinni, rólegur staður til að njóta menningar og lista, sögu og fróðleiks, athvarf til að slappa af og anda að sér fersku lofti. ■

Deilt um fyrningu á skaðabótakröfu Ólafs á hendur Mjólkursamsölnunni

Lögmenn Mjólkursamsölnunar og Ólafs Magnúsar Magnússonar, fyrrverandi eiganda Mjólku, tókust á um fyrningarfrest skaðabótakröfu hins síðarnefnda í héraðsdómi í gær. Málið kemur í kjölfar staðfestingar Hæstaréttar á nærri hálfis milljarðs króna sekt Mjólkursamsölnunar vegna samkeppnisbrota.

kristinnhaukur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Mjólkursamsalan telur skaðabótakröfu Ólafs Magnúsar Magnússonar og félagsins M-500, áður Mjólku, löngu fyrnda. Ólafur telur bótgrundvöllinn hafa orðið til eftir úrskurð dómstóla í stjórnvaldsmáli Samkeppniseftirlitsins og Mjólkursamsölnunar, sem lauk með nærri hálfis milljarðs króna sekt.

„Ég trúi ekki öðru en að málið fái efnismeðferð,“ sagði Ólafur við Fréttablaðið í gær, þegar tekist var á um frávísunarkröfu Mjólkursamsölnunar. Mál Ólafs og M-500 til viðurkenningar skaðabóta var upprunalega höfðað í júlí árið 2020 en þinghaldi frestað á meðan niðurstaða kæmist í stjórnvaldsmálið fyrir Hæstarétti.

Sú niðurstaða fékkst þann 4. mars, þegar Hæstiréttur staðfesti dóma héraðsdóms og Landsréttar. Var Mjólkursamsalan sektuð um 440 milljónir fyrir brot á samkeppnislögum og um 40 milljónir fyrir að leyna gögnum.

Ólafur segir helstu áskorunina að fá skorið úr um gildissvið búvörlaga og samkeppnislaga og að Hæstiréttur hafi tekið stjórnvaldsmálið inn til að skera úr um þetta atriði. „Við urðum að fá fullvissu um að þetta væri brot,“ segir hann.

Í þinghaldinu hélt Sigurður Ágústsson, lögmaður Mjólkursamsölnunar, því fram að hvorki Ólafur né M-500 hefðu hagsmuni af því að fá bótaábyrgð viðurkennda, því að



Hæstiréttur staðfesti 480 milljóna króna sekt Mjólkursamsölnunar í mars.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Ef ég þekki mína menn í Mjólkursamsölnunni rétt mun þetta taka einhvern lengri tíma fyrir dómstólum.

Ólafur Magnús Magnússon, fyrrverandi eigandi Mjólku og Mjólkurbúsins

óhjákvæmilega myndu koma peningakröfur í kjölfarið og þær væru fyrndar. „Það hefur ekkert upp á sig fyrir sækjendur að að sækja þessa kröfu,“ sagði hann.

Sagði hann fyrningarfrestinn hafa hafist þegar Ólafur fékk vitneskju um mögulegt brot. Það er, fékk senda kreditnótu fyrir hrámjólk árið 2012 og sendi í kjölfarið bréf til Samkeppniseftirlitsins í janúar árið 2013. En í bréfinu stóð að Mjólkursamsalan rukkaði Ólaf um 17 prósentum herra verð. Frestinum hefði þá verið lokið fjórum árum síðar, í janúar árið 2017.

Ef fresturinn hefði ekki hafist í janúar 2013 þá hefði hann hafist í mars 2014, þegar lögmaður Ólafs greindi Samkeppniseftirlitinu frá hundraða milljóna króna tjóni í

bréfi, eða við ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í september sama ár.

Hróbjartur Jónatansson, lögmaður Ólafs, benti á það fyrir dómi að í tvígang hefði áfrýjunarnefnd snúið við úrskurðum Samkeppniseftirlitsins og málið hefði dregist vegna aðgerða Mjólkursamsölnunar, það er, að leyna upplýsingum. Bótgrundvöllurinn hefði ekki verið til staðar fyrr en með dómi héraðsdóms í maí árið 2018, og málhöfðunin því innan fyrningarfrests.

Aðspurður um sættir segir Ólafur að þær hafi verið ræddar til mála-mynda. „Við höfum verið tilbúin til sátta en ég veit ekki með þá,“ segir hann. „Ef ég þekki mína menn í Mjólkursamsölnunni rétt mun þetta taka einhvern lengri tíma fyrir dómstólum.“ ■



ÍS BAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

RAM 3500

VERÐ FRÁ 7.421.210 KR. ÁN VSK.
9.202.300 KR. M/VSK.

BREYTINGAVERKSTÆÐI ÍSBAND, SMÍÐSHÖFÐA 5, SÉRHÆFIR SIG Í BREYTINGUM Á RAM PALLBIFREIÐUM.

BJÓÐUM UPP Á 37" - 40" BREYTINGAPAKKA

BÍLL Á MYND RAM 3500 LARAMIE SPORT MEGACAB MED 35" BREYTINGU



Pakklát og stolt

Við erum Fyrirtæki ársins þriðja árið í röð samkvæmt könnun VR. Í fjórum af níu lykilþáttum skorum við hæst í flokki stórra fyrirtækja og annað árið í röð erum við hæst í jafnrétti. Við þökkum starfsfólki okkar þennan frábæra árangur sem dag hvern skilar sér í framúrskarandi þjónustu til viðskiptavina.





Guðrún Jóna Guðlaugsdóttir, formaður Sorgarmiðstöðvar.

Kynnir frumvarp um sorgarleyfi

birnadrofn@frettabladid.is

SAMFÉLAG Drög að frumvarpi um sorgarleyfi, sem tryggir foreldrum sem verða fyrir barnsmíssi sorgarleyfi í allt að sex mánuði auk greiðslna til að koma til móts við tekjutap, er til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda.

Samkvæmt frumvarpinu verða hámarksreiðslur í sorgarleyfi vegna barnsmíssis 600 þúsund krónur á mánuði. Einnig er gert ráð fyrir að foreldrar eigi rétt til sorgarleyfis samhliða minnkuðu starfsflutfalli og þá til lengri tíma.

Markmið frumvarpsins er að viðurkenna áhrif sorgar vegna barnsmíssis, ásamt því að auka líkur á endurkomu foreldra á vinnumarkað og út í samfélagið eftir slíkan missi.

Guðrún Jóna Guðlaugsdóttir, formaður Sorgarmiðstöðvar, fagnar frumvarpinu. „Það þarf tíma til að vinna úr flókinni sorg líkt og barnsmíssi eða missi ungs einstaklings,“ segir Guðrún Jóna. Opið er fyrir umsagnir um drög að frumvarpi til laga um sorgarleyfi til 4. júní. ■

Flóttamaður hafði betur í Landsrétti

thorvardur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Flóttamanni frá Sri Lanka verður ekki vísað úr landi vegna hættu á að hann kunni að verða fyrir pyndingum í heimalandi sínu. Landsréttur staðfesti í gær úrskurð héraðsdóms þessa efnis.

Ekki var talið að kærunefnd útlendingamála hefði rökstutt með fullnægjandi hætti að öruggt væri að senda manninn til heimalands síns.

Maðurinn tilheyrir minnihlutahópi Tamíla, en aðskilnaðarsinnar úr þeirra röðum börðust gegn stjórnvöldum í Sri Lanka í borgarastríði í marga áratugi sem lauk með sigri stjórnvalda árið 2009. Sjálfur sagðist maðurinn vera í hættu vegna tengsla við aðskilnaðarsinna. ■

Ekki ákveðið hvort skæruliðadeild verður kærð

thorgrimur@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Ekki hefur verið tekin ákvörðun af hálfu fréttamanna RÚV um hvort kæra verður lögð fram gegn „skæruliðadeild“ Samherja vegna aðgerða hennar.

Kjarninn og Stundin birtu í gær fréttir sem unnar voru upp úr tölvupóstsamskiptum sem lekið var til þeirra. Fréttirnar vörpuðu ljósi á svokallaða „skæruliðadeild“ á snærum Samherja, sem hefur haft það verkefni að koma óorði á blaðamenn sem fjallað hafa um útgerðar-

félagið með neikvæðum hætti, eftir uppljóstranir um meintar mútugreiðslur Samherja til embættismanna í Namibíu árið 2019.

Í skilaboðunum kemur fram að Þorbjörn Þórðarson og Arna Bryndís McClure Baldvinsdóttir, almannatengill og lögfræðingur „skæruliðadeildarinnar“, hafi skrifað og ritstýrt fjölda skoðanaþistla sem birtir hafa verið undir nafni Páls Steingrímssonar, skipstjóra hjá Samherja. Þá hafi þau stýrt ummælum undir hans nafni á samfélagsmiðlum þar sem gagn-



Helgi Seljan hefur verið eitt helsta verkefni skæruliðadeildar Samherja.

rýnendum Samherja er svarað og leitast við að draga heildarleika þeirra í efa.

Helgi Seljan, sem hefur verið einn helsti skotsþónn Samherja síðan hann stýrði þætti Kveiks um viðskipti Samherja í Namibíu, sagðist ekki vera að ihuga kæru. Þóra Arnórsdóttir, ritstjóri Kveiks, sagði að ekkert slíkt lægi fyrir og að tíma þyrfti til að melta upplýsingarnar. Samherji hefur hins vegar lagt fram kæru vegna þjófnaðar á gögnunum sem notuð voru við vinnslu fréttanna. ■

Konur líklegri en karlmenn til að sjá um fata- og textílkaupin á heimilinu

Konur sjá nánast að öllu leyti um kaup á fötum og öðrum textíl á heimilum, samkvæmt rannsókn Kristínar Eddu Óskarsdóttur. Hún segir kauphegðun karla og kvenna ólíka í eðli sínu og að mikilvægt sé að draga úr neyslu á textíl.

birnadrofn@frettabladid.is

NEYTENDUR „Það er greinilegur kynjamunur í öllum fösum í neyslu textíls,“ segir Kristín Edda Óskarsdóttir, meistaranemi í félagslegri sálfræði og umhverfisfræði. Hún fjallaði um rannsókn sína á kauphegðun Íslendinga á umræðufundi um aðgerðir gegn textílsóun og ójöfnuði, sem haldinn var af Umhverfisstofnun í gær.

Rannsóknir Kristínar sýna að konur sjá í 80 prósentum tilfella um textílinnkaup á heimilum, að mestu eða öllu leyti. „Konur eru stórneytendur og stór neytendahópur þegar kemur að textíl,“ segir Kristín. Hún segir konur ekki einungis sjá um kaup á fatnaði fyrir sig sjálfar, heldur kaupi þær fatnað á alla fjölskylduna ásamt öðrum textílvörum, svo sem handklæðum, rúmfötum og tuskum.

„Samkvæmt rannsókninni bera konur hitann og þungann af þessu verkefni inni á heimilinu,“ segir Kristín. Þá segir hún kauphegðun karla og kvenna í eðli sínu ólíka, samkvæmt rannsókn hennar voru karlar nægjusamari þegar kemur að fatakaupum og líklegri til þess að kaupa einungis það sem þá vantar. Konur voru líklegri til að kaupa textíl í fljótfærni og kaup þeirra stjórnvöldust oftast af tilfinningum.



Kristín segir mikilvægt að draga úr textílnotkun en konur sjá að langstærstum hluta um innkaup á textílvörum á heimilum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kristín segir sjálfbærni og vinnuskilyrði við framleiðslu textíls ekki ofarlega í huga Íslendinga, en að konur hugsi þó meira um þá þætti en karlar. Talið er að átta til tíu prósent gróðurhúsalofttegunda eigi rætur sínar að rekja til textílfremleiðslu og að henni fylgi bæði umhverfis- og félagsleg vandamál.

Þegar þátttakendur rannsóknar Kristínar voru spurðir spurninga varðandi losun kom einnig í ljós greinilegur kynjamunur. 80 prósent kvenna segjast losa sig við föt því þau passi þeim ekki lengur. 40 prósent kvenna sögðust losa sig við við textíl því þær væru komnar með leiða á honum og tuttugu pró-



Konur eru stórneytendur og stór neytendahópur þegar kemur að textíl.

Kristín Edda Óskarsdóttir

sent losuðu sig við föt því þær hefðu keypt þau í fljótfærni.

Kristín segir mikilvægt að hægja á neyslunni þegar kemur að textíl, þar eigi konur stóran þátt. Á vefnum samangengnsoun.is segir að hver flik sé að meðaltali notuð 150 sinnum og að hver Íslendingur losi sig við um það bil 20 kíló af textíl á hverju ári. Þar má einnig finna ráð við því hvernig megi draga úr neyslu textíls. Megináhersla er lögð á að kaupa minna, þá er mælt með að kaupa notað, skila textíl á réttan stað og nota hann lengur.

Kristín er ein þeirra sem munu opna fataleiguna Spjara í sumar eða með haustinu. Hún segist telja ólíklegt að í nútímasamfélagi hlýði fólk því að hætta að kaupa föt, því bæði föt og tiska séu stór hluti af lífi fólks og menningarsögu.

„Þetta er bara eins og að leigja vídeóspólu í gamla daga,“ segir Kristín. „Það að leigja föt getur uppfyllt þessa þörf okkar fyrir að ganga í einhverju nýju, en umhverfisáhrifin eru nánast engin,“ bætir hún við. ■



Parket

Parki
INTERIORS

Gríðarlegt úrval af viðarparketi ásamt vatnspólnu harðparketi og vínyparketi má finna í sýningarsal okkar á **Dalvegi 10-14**.

Komdu við og ræddu við sérfræðinga Parka og fáðu faglega ráðgjöf



Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi • 595 0570



Finndu okkur á **Facebook!**
facebook.com/Parki.interiors

Grillað grænmeti

TÓMATAR

- 1 Skerið í tvennt og penslið með ólífuolíu, sjávarsalti og pipar.
- 2 Grillið sárið í 1 mín.
- 3 Snúið við, setjið pestó og parmesanost yfir.
- 4 Grillið þar til osturinn bráðnar.

Grillaðu grænmeti eins og meistari með hjálp myndbandanna okkar á islenskt.is

PÚ VEIST
HVADAN ÞAÐ
KEMUR

Íslenskt
grænmeti

B O R G

FASTEIGNASALA

Eignir í Fossvogi

Ákveðinn kaupandi leitar að raðhúsi, parhúsi eða einbýli. Rúmur afhendingartími.

519 5500 · FASTBORG.IS



Gunnlaugur Þráinsson

Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari

gunnlaugur@fastborg.is

844 6447

Hvetja ríkari lönd heimsins til að hjálpa þeim fátækari

Alþjóðasamtök Barnaheilla – Save the Children, kalla eftir því að rík ríki heimsins leggi fjármagn til bólusetninga í fátækari ríkjum.

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Alþjóðasamtök Barnaheilla – Save the Children, kalla eftir því að G7-ríkin sýni frumkvæði í baráttunni við heimsfaraldurinn og leggi til fjármagn fyrir bóluefni fyrir fátækari ríki heimsins. G7-löndin eru Þýskaland, Kanada, Frakkland, Ítalía, Japan, Bandaríkin og Bretland.

Samkvæmt greiningu Save the Children þurfa rík ríki sem taka þátt í leiðtogafundi G7-ríkjana í Bretlandi 11. til 13. júní næstkomandi, einungis að greiða 0,8 Bandaríkjadali á viku á hvern borgara til að sjá fátækari ríkjum heimsins fyrir bóluefni.

Í tilkynningu frá Barnaheillum kemur fram að efnahagslegur kostnaður af því að bregðast ekki við skorti á bóluefni á alþjóðlegum vettvangi sé 35 sinnum hærri en ef brugðist verði við.

Samkvæmt útgefnum tölum hafa yfir þrjár milljónir manna látist úr Covid-19, en Save the Children telur að dauðsföllin séu enn fleiri.

Þá hefur faraldurinn ytt allt að 142 milljónum barna yfir fátæktarmörk og aldrei fyrr hefur orðið



Í stórum hluta Afríku sunna Sahara hefur einungis tekist að bólusetja um tvö prósent fullorðinna gegn Covid-19.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

meiri röskun á skólaskarfi. Talið er að þegar faraldurinn stóð sem hæst á síðasta ári hafi 1,6 milljarðar nemenda ekki getað farið í skólann. Verði ekki hugað að bólusetningum á heimsvísu komi það meðal annars niður á menntun og þroska barna.

„Það er ekki spurning hvort rík ríki hafi efni á því að fjármagna sanngjarna dreifingu á Covid-19 bóluefni, heldur hvort þau hafi efni á því að gera það ekki,“ segir Bidisha Pillai, alþjóðafulltrúi hjá alþjóðasamtökum Barnaheilla.

„Fyrir sama verð og á einu súkkulaðistykki á viku fyrir hvern íbúa geta ríki löndin komist hjá gifur-

legu efnahagslegu tjóni sem yrði ef heimsfaraldurinn ílengist.“

Pillai segir að börn um heim allan treysti á að leiðtogar G7-ríkjana taki af skarið með ákvörðunum sínum á fundi í London í júní.

„Þeir þurfa að grípa tækifærið og uppræta faraldurinn fyrir alla, alls staðar.“

Áætlaður kostnaður við bólusetningu fullorðinna í fátækari löndum heimsins er um 66 milljarðar dollara í tvö ár. Save the Children segir að samkvæmt áætlunum myndu ríki sem sækja G7-leiðtogafundinn greiða 43 milljarða dollara eða tvo þriðju af heildarupphæðinni. ■

Komum hlutunum á hreyfingu

Við bjóðum hagstæðar leiðir til að fjármagna ný og notuð atvinnutæki og bíla sem henta rekstrinum þínum.

Einfalt að skipta. Erfitt að snúa aftur.

Prófaðu Kia e-Niro 100% hreinan rafbíl með 455 km drægi.



Movement that inspires

Kia e-Niro er kraftmikill og einstaklega rúmgóður borgarjeplingur með allt að 455 km akstursdrægi og 80% hleðslu á 42 mínútum. Rúmgott 451 l farangursrými hentar vel á ferðalögum. Einnig fylgir Niro hin einstaka 7 ára verksmiðjuábyrgð Kia.


Láttu sjá þig með Niro. Kia, Krókhálsi.

Kia e Niro 39 kWh verð frá:

4.990.777 kr.

Afborgun á mánuði 31.372 kr.**

Askja · Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

 Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir
allar stærðir fyrirtækja og heimila.
Nánar á askja.is/hledslulausnir



*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustuerfittir sem kaupandi þor kostað. Af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd.
**m.v. 50% rimborgun og lán til 96 mána. Vaxir 4,00%. Haldgræðsla lán er 2.575.646 kr. Aftag hutfélisla kosningar er 5,05%.



Fjölbreytt sumarnámskeið í HR

Háskólinn í Reykjavík og Opni háskólinn í HR bjóða upp á úrval námskeiða í sumar fyrir háskólanema, fólk sem er að hefja háskólanám í haust og sem vill styrkja stöðu sína á vinnumarkaði.

Námskeiðin eru liður í aðgerðum stjórnvalda til að bregðast við áhrifum Covid faraldursins og þátttakendur greiða aðeins 3000 kr. fyrir námskeiðið.

Dæmi um námskeið:

- Inngangur að forritun
- Að leysa vandamál með spurningum – ekki svörum
- Alþjóðaviðskipti
- Straumlínustjórnun
- Mannauðsstjórnunarhlutverk stjórnandans
- Inngangur að forritun
- Rýnifundir – lykillinn að hraðari lærdómi
- Markaðsstarf í krefjandi umhverfi
- Excel – nokkur trix og formúlur
- Python
- Vektu athygli – náðu í gegn
- Mótun og innleiðing rekstrarstefnu
- Jafningastjórnun
- Næstu skref á starfsferli

Kynntu þér úrval námskeiða
á hr.is/sumarnamskeid



Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra og Pele Broberg á fundi Norðurskautsráðsins í Hörpu á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Vill varnarsamning við Bandaríkin

thorvardur@frettabladid.is



GRÆNLAND Pele Broberg, utanríkisráðherra Grænlands, vill að landið undirriti varnarsamning við Bandaríkin, eins og þann sem er milli Íslands og Bandaríkjanna. Utanríkisráðherra Bandaríkjanna fór til Grænlands í opinbera heimsókn í gær eftir að ráðherrafundi Norðurskautsráðsins lauk í Reykjavík.

Í viðtali við danska ríkisútvarpið sagði Broberg að hann vildi að Grænland yrði með landhelgisgæslu líkt og Ísland, en að Bandaríkin skuldbyndu sig til að verja landið ef til þess kæmi. Þessar hugmyndir hans hafa mælst misvel fyrir meðal Rússa.

Danmörk fer með varnarmál Grænlands en þar er ein bandarísk herstöð.

„Erlend hernaðarumsvif nálægt rússneska heimskautasvæðinu, sem gætu leitt til átaka, jafnvel með kjarnavopnum, geta varla verið til að tryggja stöðugleika á norðurskautinu,“ segir Vladímír V. Barbin, sendiherra Rússlands í Danmörku. ■

Kínverjar hunsa Bandaríkjamenn

thorvardur@frettabladid.is

ASÍA Kínversk yfirvöld hafa ekki svarað þremur beiðnum Bandaríkjastjórnar um viðræður milli yfirmanns kínverska hersins og varnarmálaráðherra Bandaríkjanna. Vaxandi spenna hefur verið milli ríkjanna að undanfögnu, einkum vegna málefna Taívan.

Fundur utanríkisráðherra landanna í Alaska í mars einkenndist af átökum og orðaskaki, en Joe Biden Bandaríkjaforseti vill engu að síður reyna að koma á samtali milli þeirra. Það sé mikilvægt til að freista þess að létta á spennunni og koma í veg fyrir að átök brjótist út í Suður-Kínahafi.

Síðan Biden tók við embætti í janúar hafa löndin deilt um ýmislegt, til að mynda meint mann-



Austin, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, vill funda með Kínverjum.

réttindabrot Kínverja á Úígúrum í Xinjiang-héraði og hernaðarumsvif Kína í nágrenni Taívan. Kínverjar hafa sakað Bandaríkin um að haga sér líkt og þeir ráði yfir svæðinu. ■



Lík fólks sem lést úr Covid-19 brennd í Nýju-Delí á Indlandi. Óttast er að fjöldi látinna sé mun meiri en í opinberum tölum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Óttast að dauðsföllin séu þrefalt fleiri

kristinnpall@frettabladid.is

COVID-19 Samkvæmt skýrslu sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) gaf út í gær hafa 3,4 milljónir látist af völdum Covid-19 en stofnunin óttast að dauðsföll sem rekja megi með einum eða öðrum hætti til Covid-19 séu þrefalt fleiri en opinberar tölur gefa til kynna. Samkvæmt ályktunum WHO er talið að dauðsföll 6-8 milljóna manna megi rekja til sjúkdómsins.

Meðal þess sem bætist við þá tölu eru andlát af völdum kórónaveirunnar en Covid-19 var ekki skráð orsakavaldur andláts, þeir sem fengu ekki viðeigandi meðferð vegna skorts á sjúkrahúsplássi og þeir sem létust af heilsufarsvandamálum af völdum hreyfingarleysis.

Aðstoðarforstjóri WHO, greindi frá þessu í gær. WHO vinnur með þjóðum að því að skilja áhrif heimsfaraldursins til að vera betur undirbúin fyrir þann næsta. ■



WORLD CAR AWARDS

Heimsbíll ársins 2021!

ID.4 GTX

Fullvaxinn fjórhjóladrifinn rafmagnsbíll

Þú getur sérsniðið ID.4 GTX að þínum óskum og pantað draumabílinn á www.hekla.is/gtx



Nýr ID.4 GTX Verð frá 6.990.000 kr.

ID.4 GTX er fullvaxinn, fjórhjóladrifinn rafmagnsbíll sem fær 5 stjörnur í árekstrarprófunum NCAP. Hann býr yfir 77 kWst rafhlöðu og drægni allt að 480 km. (WLTP). Hann kemur sneisafullur af áhugaverðum staðalbúnaði eins og þráðlausri farsímahleðslu, 20" álfelgum, varmadælu, árekstrarvöktun, akreinavara, lykllausri ræsingu og fleiru. Tryggðu þér þitt eintak. **Lokað er í dag á Laugaveginum en í sýningarsalnum okkar á netinu er alltaf opið. Sjáumst hress!**

Leiddin að núllinu
ZERO

Fylgdu okkur!



@volkswagen

www.volkswagen.is



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

Brjálæði



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Fyrir botni Miðjarðarhafs hafa hryllilegir atburðir átt sér stað, aftur og enn. Í linnulausum árásum og átökum undanfarið hafa óbreyttir borgarar látið lífið. Þar á meðal eru sárasklaus börn. Hvað getur réttlætt það?

Saga átaka á Gasaströndinni er löng, ströng og blóði drifin og átök Ísraelsa og Palestínumanna eru ein flóknustu, umdeildustu og langvinnustu átök heimssögunnar og þau hafa einkennst af ofbeldi og grimmuðlegri þjóðernishyggju.

Frá því seint á 19. öld hefur verið deilt um landsvæði á þessum slóðum og það orðið vettvangur átaka og jafnvel órvæntingarfullra tilrauna hvort tveggja Ísraelsmanna og Palestínumanna til að mynda eigið þjóðríki. Þrátt fyrir fjölda tilrauna til að stilla til friðar hefur það ekki tekist. Aðeins hefur tekist að semja um misendingargóð vopnahlé. Nú síðast í fyrradag. Heimurinn varpar öndinni léttar og heldur áfram sínu daglega lífi. En það er aðeins hlé. Deilan er óleyst.

Aftur og ítrekað hleypur allt í bál og brand með þeim afleiðingum að saklausir borgarar missa eignir sínar, heilsu eða lífið sjálft. Undir kynda Bandaríkin með ríkulegum fjárstuðningi til Ísraelskers.

Allir hljóta að sjá að svona gengur þetta ekki. Þessa deilu þarf að leysa til frambúðar.

Það er hægt vandi að sitja uppi á fremur friðsæla Íslandi og ætla sér að leiðbeina fjarlægum löndum um frið og spekt. Það er ekki við því að búast að mikið verði hlustað á það af þeim sem telja sig hafa í málinu verðugan málstað að verja.

Látum það þá vera. Hins vegar ætti enginn að samþykkja að gjaldíð í þessum átökum sé saklaust líf. Jafnvel barna sem ekkert hafa til saka unnið annað en að vera til.

Ekki verður betur séð en að deilendur séu með öllu ófærir um að leiða mál sín varanlega til lykta. Af minna tilefni hefur alþjóðasamfélagið látið til sín taka.

Bandaríkin, sem hafa talið sig vera eins konar alheimslögreglu og hafa ekki dregið af sér í ihlutun í ofríð á fjarlægum slóðum, svo sem fjárstuðningur til Ísraels er til vitnis um, beittu neitunarvaldi sínu ítrekað undanfarna viku þegar þess var freistað að álykta í Öryggisráðinu um fordæmingu ofbeldis og hvetja til vopnahlés. Nú hafa samningar tekist um það en hver veit hversu lengi það varir?

Vopnahlé er betra en stríðsátök en reynslan kennir að fyrr en varir taka ofríkistilburðir sig upp á ný og fleiri saklausir borgarar falla og ólýsanlegar hörmungar eru leiddar yfir land og lýð.

Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra fékk bágt fyrir hjá einhverjum, þegar hann nýlega í færslu á samfélagsmiðlum hvatti báða aðila deilunnar til stillingar. Það var ómaklegt. Hann hefur reyndar fyrir hönd íslenskra stjórnvalda fordæmt árásir á óbreytta borgara, þó reynt hafi verið að halda öðru fram.

Það kann að þykja létt í vasa að vísa í gamalt málteki sem segir að sjaldan valdi einn þegar tveir deila.

En þegar öllu er á botninn hvolft er fölginn í því einhver sannleikur. Við vitum að dráp á saklausum borgurum er ekki leiðin.

Það er brjálæði. ■

”

Ekki verður betur séð en að deilendur séu með öllu ófærir um að leiða mál sín varanlega til lykta.

■ Gunnar



■ Mín skoðun

Gagnamagnið og Grænlandsjökull



Sif Sigmarsdóttir

Ég borgaði einu sinni 220.000 krónur fyrir pitsu. Eða þannig tülka ég það allavega. Við hjónin eigum senn brúðkaupsafmæli. Við munum halda í hefðina, gleyma tímamótunum og upp-götva nokkrum dögum síðar að dagurinn er liðinn. Það var þó eitt árið að eiginmaðurinn sat við tölvuna og rak óvart augun í dagatalið á daginn sjálfan. Heltekinn af rómantik sendi hann mér brúðkaupsafmælisgjöf í tölvupósti. Gjöfin var 0,1 Bitcoin.

Rithöfundar eru sjaldan sakaðir um að fara vel með peninga. Ég reyni ávallt að standa undir væntingum og var því fljót að eyða rafmyntinni. Meðal annars greiddi ég fyrir pitsu og hvítlauksbrauð með Bitcoin þar sem ég slæptist í Berlín. Hefði ég hins vegar legið á 0,0464 Bitcoinunum sem skyndibitinn kostaði væri ég 220.000 krónum ríkari í dag.

En ekki er allt gull sem glóir. Verðið á Bitcoin hrundi í síðustu viku þegar Elon Musk, forstjóri rafbílaframleiðandans Tesla, sagði fyrirtækið ætla að hætta að taka við greiðslum í Bitcoin vegna þess hversu orku-frek rafmyntin er. Myntin sem verður til við flókna stærðfræðiútreikninga í sérhæfðum gagnaverum um heim allan, notar jafnmikla orku til að viðhalda sjálfri sér og meðalstórt Evrópuríki. Talið er að orkuþörf Bitcoin, sem eykst stöðugt, sé nú komin upp í 133,68 terawattstundir á ári, sem er meiri orkunotkun en öll rafmagnsnotkun í Svíþjóð árið 2020.

Árið 2013, þegar mér áskotnaðist 0,1 Bitcoin, var rafmyntin lítið annað en tölvukóði sem tækninörðar dáðust að, klink sem þeir grófu eftir í borðtölvunni sinni heima í kjallaranum hjá mömmu. En á nokkrum árum varð gott nórdagrín að sótsvörtum iðnaði, sem skilur eftir sig jafnstórt kolefnisspor á hverju ári og stórborgin London. Hvað gerðist?

Flest vitum við að sumarfríið okkar til Spánar skilur eftir sig kolefnisspor. Flest erum við meðvituð um að verslunarleið-

angurinn í Kringluna hefur víðtæk umhverfisáhrif. En vissir þú að hámglaðið á Netflix í gærkvöldi bræðir Grænlandsjökul? Vissir þú að sjálfan sem þú settir af þér á Facebook að baða þig í Sky Lagoon veldur skógareldum?

■ Talið er að internetið og tækin sem við notum til að vafra um það beri ábyrgð á 3,7% af þeim gróðurhúsalofttegundum sem losuð eru á ári hverju í heiminum. Kolefnissporið er jafnstórt og spor alls flugiðnaðarinnar.

■ Talið er að losun vegna internetsins hafi tvöfaldað árið 2025.

■ Kolefnisspor eins tölvupósts er 4g af koltvísýringsjafngildi (CO₂e), 50g ef stórt viðhengi fylgir. Meðal starfsmaður á skrifstofu fær 121 tölvupóst á dag. Á einu ári er áætlað að kolefnisspor innhólfs meðalstarfsmanns sé 0,6 tonn af CO₂e. Kolefnisspor meðalíbúa Indlands er 1,5 tonn af CO₂e. Fótspor innhólfs þriggja skrifstofumanna er stærra en fótsporið sem hlýst af öllu athæfi einnar manneskju á Indlandi.

■ SMS-skilaboð eru umhverfisvænn kostur. Kolefnisspor SMS skilaboða er 0,014g af CO₂e. Kolefnisspor Twitter færslu er 0,2g af CO₂e. Skilaboð á WhatsApp og á Facebook Messenger eru talin valda fótspori á stærð við tölvupóst.

■ Skaði skilaboða bliknar þó í samanburði við skadann sem netspilun tölvuleikja, streymisveitur og skýjageymslur valda. Talið er að umhverfisskaðinn sem hlýst af því að hlaða niður tölvuleik af netinu sé meiri en að kaupa hann á disk úti í búð. Rannsókn sýnir að umhverfisáhrif tónlistariðnaðarinnar hafa aldrei verið meiri.

Kolefnisspor internetsins kann að virðast lítið í samanburði við samgöngur, upphitun húsa og matvælaframleiðslu. En ef við hugum ekki að gagnamagninu læðist aftan að okkur næsta Bitcoin. Það er aðeins ein tegund af gagnamagni sem við viljum að nái hæstu hæðum: Dæði og Gagnamagnið, gangi ykkur vel í kvöld. ■

”

En vissir þú að hámglaðið á Netflix í gærkvöldi bræðir Grænlandsjökul?

RÝMI
OFNASMIDJAN



METALSISTEM®

Gott verð og góð þjónusta

Nú fæst METALSISTEM®
hillukerfið í Rými



Rými Ofnasmiðjan | Gylfahlöt 4 | 112 Reykjavík | s. 511 1100 | www.rymi.is | rymi@rymi.is

KRONAN



Nánar á
kronan.is

OPIÐ ALLA HELGINA!

KVEIKJUM
Á SUMRINU

Ef það er
nóg af narti ...
þá verðum við alltaf
í poppmálum!



Antipasti bakki

1899 kr. pk.



Snyders pretzels

249 kr. pk.



Vínber rauð

589 kr. kg

Verð áður 835 kr. kg



Afgreiðslutímar á www.kronan.is



CARMEN

Hægindastóll á snúningi í Eros Mustard litu áklæði. Svartir stöðugir fætur.

94.990 kr.



SWAY

Borðstofustóll. Svart PU-leður eða grænt áklæði. Grind og fætur úr svörtum málm.

28.792 kr. ~~35.990 kr.~~

MUUBS

BEAUTY IN IMPERFECTION

*Nýtt vörumerki í Höllini
Glæsileg húsgögn og smávörur!*

MUUBS SPACE

Sérlega skemmtilegt, hringlaga borðstofuborð með eikarplötu. Sterkir svartir málmfætur. Þvermál borðsins er 120 cm og hæðin 76 cm. Þessi gerð er ekki stækkanleg.

Space borðin eru einnig fánleg með borðplötu úr reyktri eik eða svörtum aski og stækkanleg.

299.990 kr.



Skápur með 3 hurðum.

104.990 kr.




VISTA

Skenkur með 4 hurðum.

Stærð: 115 x 43 x 90 cm

129.990 kr.



KÖRFUR FRÁ MUUBS- MIKIÐ ÚRVAL - VERÐ FRÁ: 4.990 kr.

MUUBS

BEAUTY IN IMPERFECTION



MUUBS
Story vasi
H 30cm
14.990 kr.

MUUBS
Story vasi
H 80cm
44.990 kr.

MIKIÐ ÚRVAL AF VÖSUM Í ÖLLUM STÆRÐUM FRÁ MÖRGUM FRAMLEIÐENDUM

Reykjavík 11-18 virka daga
Bíldshöfði 20 11-17 laugardaga
13-17 sunnudaga

Akureyri 11-18 virka daga
Dalsbraut 1 11-16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

Fallegar vörur fyrir lifandi heimili



HEAVEN

Eins og nafnið gefur til kynna er um að ræða sófa sem býr yfir himneskri mýkt. 3,5 sæta úr grænu Diamond Moss rifflaflaumi. Einnig fánlegt skammel í sama áklæði. Sterkir og stöðugir, svartir viðarfætur.

3ja sæta: 220 x 105 x 82 cm

251.992 kr. ~~314.990 kr.~~

3,5 sæta: 290 x 105 x 82 cm

263.992 kr. ~~329.990 kr.~~

Skammel, stærð: 90 x 90 x 46 cm

55.992 kr. ~~69.990 kr.~~

Medusa Copenhagen

Fallegur borðbúnaður – fjölbreytt úrval – tilvalinn í útileguna eða út á pallinn!



MEDUSA

Vínglas
1.990 kr.



MEDUSA

Vatnsglas
1.490 kr.



MEDUSA

Kokkeilglas
2.490 kr.



MEDUSA

Karafla 1 lítri.
5.490 kr.



BERMUDA

Garðhúsgagnasett sem fánlegt er í tveimur litum, grásvörtu og ljósgráu. Settið samanstendur af 4 einingum sem hægt er að raða saman á marga vegu. Vinstri og hægri sófaeining með armi og ferköntuð seteining. Þessum einingum fylgja sessur og 6 púðar. Þá fylgir ferköntuð borðeining með hertu gleri. Hægt eða að mynda hornsófa úr þessu, beinan langan sófa með minni seteininguna staka eða sem miðjuhluta.

Stærð horneininga:
154,5 x 83 x 66 cm

Stærð ferköntuðu
eininganna: 83 x 83 cm.

Heildarverð á Bermuda settinu:

127.992 kr. ~~159.990 kr.~~



HÚSGAGNA
HÖLLIN

AÐAL FUNDUR

Félags iðn- og tæknigreina 2021

verður haldinn laugardaginn 29. maí kl. 10 að Stórhöfða 31, jarðhæð.

Gengið inn Grafarvogsmegin.

Athugið að gildandi reglum um sóttvarnir verður fylgt á fundinum.

Dagskrá:

1. Skýrsla félagsstjórnar um starf félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til umræðu og afgreiðslu.
3. Ákvarðanir teknar um ávöxtun sjóða félagsins.
4. Kjóri stjórnar lýst.
5. Kosning trúnaðarráðs, kjörstjórnar, skoðunarmanna reikninga, og uppstillinganefndar.
6. Kosning endurskoðenda.
7. Tillögur um fulltrúa á ársfundi lífeyrissjóða sem FIT er aðili að.
8. Önnur mál.

Hádegismatur í boði félagsins.

Stjórnin

Félagið veitir ferðastyrk til þeirra félagsmanna sem búa í meira en 40 km fjarlægð frá fundarstað.



Besta lið sem ég hef verið í

Fótboltamaðurinn Rúnar Már Sigurjónsson bætti öðrum meistaratitli í safn sitt þegar hann varð rúmenskur meistari með Cluj fyrr í þessari viku. Rúnari Má liður vel í Rúmeníu og hann segir gæði fótboltans þar í landi hafa komið sér á óvart.

hjolvaro@frettabladid.is

FÓTBOLTI Rúnar Már Sigurjónsson, landsliðsmaður í fótbolta, gekk til liðs við Cluj í febrúar síðastliðnum. Nú tæpu hálfu ári síðar varð hann rúmenskur meistari með liðinu. Rúnar Már hefur þar af leiðandi orðið landsmeistari í tveimur löndum en hann varð meistari í Kasakstan með liði sínu Astana árið 2019.

„Ég hafði mætti Cluj þegar ég var hjá Astana í forkeppni Meistaradeildar Evrópu áður en ég kom hingað þannig að ég vissi að ég var að koma í sterkt lið. Þetta er klárlega besta lið sem ég hef spilað með og pressan á að vinna titla er áþreifanleg,” segir Rúnar Már um Cluj-liðið.

„Skömmu eftir að ég kom til Cluj meiddist ég og þeir fóru mjög varlega með mig þegar ég kom til baka úr meiðslunum. Planið var að ég væri í mínu besta formi þegar úrslitakeppnin myndi byrja og það gekk upp.

Við erum með stóran leikmannahóp þannig að ég er sáttur við það traust sem ég fékk þegar ég var orðinn heill,” segir landsliðsmaðurinn sem skoraði þrjú mörk í þeim 12 deildarleikjum sem hann spilaði eftir að hann kom til Cluj.

„Þegar út í úrslitakeppnina var komið fann ég vel fyrir því að það var pressa á að verða rúmenskur meistari. Báðir bekkirnir fengu áminningu vegna mótmæla í nánast öllum



Rúnar er fyrsti Íslendingurinn sem leikur í Rúmeníu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

leikjum og þó svo að það væru engir áhorfendur var augljóst að ástríðan fyrir liðinu er mikil.

Það var mjög gaman að spila tíu leiki í úrslitakeppninni við lið af svipuðum styrkleika þar sem allt er undir,” segir hann en Cluj varð rúmenskur meistari fjórða árið í röð og í sjöunda skipti í sögu félagsins.

Trúin notuð til að flytja fjöll

„Það var líka áhugavert að upplifa hversu stóran sess trúin fær í fótboltanum þegar mikilvægi leikjanna verður meira. Þá fer minna fyrir leikgreiningu og taktík og traustið er lagt á æðri máttarvöld.

Einhver æðri vera er beðin um að sjá til þess að allt fari vel. Það var magnað að sjá þetta og ég hafði ekki séð svona áður,” segir Rúnar Már.

„Markmiðið hjá liðinu er að standa sig vel í Evrópukeppnum. Það er vilji og metnaður hjá bæði félagsliðum í

Rúmeníu og landsliðinu að standa sig vel á alþjóðlegum vettvangi. Það er mikil fótboltasaga í landinu og áhuginn er mikill. Nú vilja menn fara að gera sig gildandi aftur.

Draumurinn er fara í riðlakeppni Meistaradeildarinnar og ef við förum ekki í riðlakeppni Evrópu-deildarinnar yrðu það mikil vonbrigði. Liðið hefur staðið sig vel í Evrópu-deildinni undanfarin ár og nú er planið að stiga eitt skref áfram þar,” segir miðjumaðurinn.

„Ég er með samning hérna út næsta keppnistímabil og mér liður mjög vel hérna þannig að ég ætla allavega að spila hér á næstu leiktíð.

Ég tengi mjög vel við fólklið hérna í Cluj og ég mæli með við alla að spila í Austur-Evrópu. Gæðin í fótboltanum eru mikil og fólklið mjög vinalegt. Ég er mjög spenntur fyrir næsta tímabili,” segir þessi þrítugi leikmaður. ■

AÐALFUNDUR

Aðalfundur landsamtakanna Spítalinn okkar verður haldinn þriðjudaginn 25. maí 2021 kl. 16.00 á Nauthól, Nauthólsvegi 106 í stóra salnum.

DAGSKRÁ

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar og tveggja skoðunarmanna reikninga
7. Önnur mál.

Að loknum aðalfundarstörfum verða flutt tvö erindi;

Hringbrautarverkefnið – staðan í dag

- Gunnar Svavarsson, framkvæmdastjóri NLSH

Nútímaleg og batamiðuð umgjörð

um geðþjónustu Landspítala

- Nanna Briem geðlæknir og forstöðumaður geðþjónustu Landspítala

Lokaorð

- Héðinn Unnsteinsson, formaður Geðhjálp



Stjórn Spítalans okkar



Hákon á að baki 22 leiki fyrir yngri landslið Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hákon Arnar færður í aðallið FCK

hjolvaro@frettabladid.is

FÓTBOLTI Hákon Arnar Haralðsson hefur framlengt samning sinn við danska knattspyrnufélagið FC Kaupmannahöfn en nýr samningur Skagamannsins gildir til ársins 2026.

Þá kemur fram í frétt á heimasíðu FC Kaupmannahafnar um nýja samninginn að Hákon Arnar, sem hefur gert það gott með unglíng- og varaliðum undanfarin ár verður færður í aðalliðshóp félagsins í sumar.

Þessi 18 ára leikmaður hefur verið í herbúðum FC Kaupmannahafnar frá árinu 2019. Peter Petersen, íþróttastjóri FC Kaupmannahafnar, fór fögrum orðum um Hákon Arnar og segir hann eiga góðan möguleika á að fá tækifæri með aðalliði félagsins á næstu leiktíð.

Hákon Arnar hefur leikið 22 landsleiki fyrir yngri landslið Íslands og skorað í þeim leikjum fjögur mörk.

„Þetta er mjög stór dagur fyrir mig



Skagamaðurinn var í leikmannahópi FCK á dögnum en hann hefur komið við sögu í æfingaleikjum með danska stórveldinu.

og fjölskyldu mína og mikivægur áfangi á ferlinum. Það er erfitt að ná að taka skrefið frá unglíngaliðinu í aðalliði hjá einu stærstu félagi Norðurlandanna og því er ég mjög stoltur,” segir Hákon Arnar í samtali við heimasíðu FC Kaupmannahafnar.

Orri Steinn Óskarsson, fyrrverandi leikmaður Gróttu, er einnig á mála hjá FC Kaupmannahöfn en sóknarmaðurinn ungi og efnilegi hefur raðað inn mörkum fyrir unglíng- og varalið félagsins síðan hann kom þangað haustið 2019. ■



NJÓTUM OKKAR Í EIGIN SKINNI

**Hugsum vel um stærsta líffærið okkar
húðina, innan frá og utan, frá toppi til táar**

Húðin gegnir mikilvægum sérhæfðum hlutverkum, hún ver okkur, heldur á okkur réttu hitastigi og skynjar umhverfið okkar. Förum vel með húðina.

Heilsa þín er okkar hjartans mál – þess vegna leggjum við áherslu á fræðslu, gæðavörur og persónulega þjónustu.



Fagna nýsköpun í allri sinni dýrð



Björk Eidsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Á miðvikudaginn fer af stað í annað sinn hátíð sem ætlað er að fagna nýsköpun í allri sinni dýrð og er opin öllum áhugasömum, bæði í raun- og netheimum. Nýsköpunarvikan stendur yfir dagana 26. maí til 2. júní.

Hátíðin sem var haldin í fyrsta sinn í fyrra vex um 230 prósent á milli ára en yfir 70 viðburðir eru nú á dagskrá. Um er að ræða svokallaða þátttökuhátíð þar sem sviðsljósinu er beint að nýsköpun á Íslandi í sinni breiðustu mynd og að sögn stjórnenda er markmiðið að auka sýnileika nýsköpunar þvert á atvinnugreinir. Eins vilja þau auka aðgengi og hvetja almenning til þátttöku í nýsköpun og er því almenningur hvattur til að sækja viðburði hátíðarinnar sér að kostnaðarlausu.

Hátíð um allan bæ

Melkorka Sigríður Magnúsdóttir er ein þriggja stofnenda hátíðarinnar. „Við erum þrír stofnendur en við höfum öll verið að vinna í umhverfi sprota- og nýsköpunar hér á landi. Okkur fannst þetta vanta en svona stórar nýsköpunar og tækniráðstefnur eru haldnar árlega alls staðar í kringum okkur. Okkar fyrirmynd er í rauninni Oslo Innovation Week og okkur fannst tími kominn til að setja Ísland á sama stall,“ segir Melkorka og bætir við að stjórnendur finni strax mikinn áhuga frá hinum Norðurlöndunum.

„Við höfum fengið mikið af fyrirspurnum og höfum nú þegar myndað sterkt tengslanet með þessum ráðstefnum í kringum okkur,“ segir hún og bindur vonir við að hátíðin stækki frá ári til árs: „Okkar draumur er að við séum þessi alþjóðlegi markaðsgluggi íslenskrar nýsköpunar út á við.“

Fyrsta hátíðin var skyndilega færð úr raunheiminum í netheima þegar samkomutakmarkanir voru hertar í fyrra.

„Við þurfum þá að beita nýsköpunarhugsun og færa alla viðburði yfir í streymi um leið. Nú er um helmingur viðburða í streymi. Við viljum þó líka að fólk hittist og kynnist og við gætum þá ítrustu sóttvarna.“

Melkorka segir hátíðina byggja á því að fyrirtæki, stofnanir og frumkvöðlar leggi til viðburði og þannig einskordist hátíðin ekki við einn stað heldur fer hún fram úti um allan bæ.

„Að því sögðu þá erum við með



Melkorka Sigríður Magnúsdóttir er einn stofnenda Nýsköpunarvikuinnar.

MYND/SAGA SIG



Okkar draumur er að við séum þessi alþjóðlegi markaðsgluggi íslenskrar nýsköpunar út á við.

heimili fyrir heimilislausu viðburði hér í Grösku, í Vísindagörðum, heimili nýsköpunar,“ útskýrir Melkorka.

Allt frá þörungum að vináttuvél

Eins og fyrr segir eru yfir 70 viðburðir á dagskrá þar sem fyrirtækj-

um og frumkvöðlum gefst kostur á að standa fyrir nýsköpunartengdum viðburðum þar sem spennandi sóknarfæri og frjóar hugmyndir geta spröttu upp. Hér má sjá nokkur dæmi um áhugaverða viðburði, allt frá salti og þörungum yfir í tölvuleiki og vináttu. ■



Saltverk býður fólki til að koma í „happy hour“ og spjall um sögu fyrirtækisins frá hugmynd að saltgerð á Íslandi til dagsins í dag.

Saltverk – Fræ sem urðu að nýjum sprotum

Saltverk, Nýbýlavegi 4, fimmtudaginn 27. maí klukkan 17.00–19.00
Saltverk býður fólki til að koma í „happy hour“ og spjall um sögu fyrirtækisins frá hugmynd að saltgerð á Íslandi til dagsins í dag og hugmyndum að nýjum sprotum sem spruttu á leiðinni og eru allir innan skrifstofu Saltverks.

Höfuðstöðvar Saltverks geyma þrjá aðra sprota sem allir spruttu úr hugmyndafræði Saltverks yfir árin. Angan Skincare sem eru sjálfbærar húðvörur sem upphaflega voru unnar úr affalls-magnesiumsalti. Skál! sem er náttúruvinsbar og veitingastaður á Hlemmi Mathöll og síðan Rætur & Vín sem sérhæfir sig í innflutningi á náttúruvíninum.



Eimur ætlar að fjalla um möguleika tengda vetni sem orkugjafa og þörungum sem matvæli og bjóða upp á tilraunarstarfsemi í beinni, þar sem landsliðskokkur reiðir fram dýrindis þörungum.

Eimur – Tilraun um þörungum og vetni

Streymi 31. maí klukkan 10.00–11.00
Eimur, samstarfsverkefni Landsvirkjunar, Norðurorku, Orkuveitu Húsavíkur og Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, ætlar að fjalla um möguleika tengda vetni sem orkugjafa og þörungum sem matvælum, en upp á síðkastið hefur mikið verið rætt um nýmælið í þessu tvennu.

Boðið verður upp á tilrauna- starfsemi í beinni, þar sem landsliðskokkur reiðir fram dýrindis þörungum og vísindamaðurinn Ottó Elísson fræðir gesti um kraftinn sem býr í vatninu.



Fulltrúar Háskóla Íslands og CCP opna nýtt netnámskeið um vináttu á tímum vaxandi tölvuleikjaspilunar og spyrja til dæmis hvort hægt sé að hanna vináttu. MYND/ADSEND

CCP og Háskóli Íslands – Vináttuvélin

Streymi 26. maí klukkan 17.00–18.00
Fulltrúar Háskóla Íslands og CCP opna nýtt netnámskeið um vináttu á tímum vaxandi tölvuleikjaspilunar þann 26. maí. Viðburðurinn verður í streymi.

Er hægt að hanna vináttu? Hefur vináttu sem verður til á netinu sömu þýðingu og sú sem verður til í raunheimum? Hvaða hlutverki gegna tölvuleikir í myndun nýrra vinasambanda þvert á heimsálfur? Hver eru heilsufarslega áhrif þess að vera einmana og hvaða hlutverki gegna tölvuleikir í að rjúfa einangrun fólks? Þessum og fleiri spurningum er svarað á námskeiðinu auk þess sem fjallað er um hvernig tölvuleikir eru að þróast, bæði sem afþreying og samfélagslegur áhrifavaldur.



Framlagning kjörskráa

Kjörskrár vegna kosningar um sameiningu sveitarfélaganna Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar, sem haldnar verða laugardaginn 5. júní 2021, skulu lagðar fram eigi síðar en 26. maí 2021.

Kjörskrár skal leggja fram á skrifstofu sveitarstjórna eða á öðrum hentugum stað sem sveitarstjórn ákveður.

Þeim sem vilja koma að athugasemdum er bent á að senda þær hlutaðeigandi sveitarstjórn.

Dómsmálaráðuneytinu, 21. maí 2021.

Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið



Feed The Viking býður upp á frumkvöðlasjósund í Nauthólsvík og heita íslenska kjötsúpu og í vegan-útgáfu þegar komið er upp úr.

Feed the Viking – Smakk á bakka og frumkvöðlasjósund

Nauthólsvík 28. maí klukkan 8.00–10.00

Feed The Viking er nýsköpunarfyrirtæki á matvælasviðinu sem hóf árið 2016 að bjóða upp á íslenskt kjöt- og fisk „jerky“ og framleiðir nú ýmiss konar þurrfrysta rétti til sölu um allan heim, með áherslu á íslenska matvælaarfleifð.

Fyrirtækið býður upp á frumkvöðlasjósund í Nauthólsvík og heita íslenska kjötsúpu og í vegan-útgáfu þegar komið er upp úr.

Íslandsbanki – Reynslusögur frá styrkþegum

Streymi 27. maí klukkan 10.00–11.00

Íslandsbanki býður gestum Nýsköpunarvikuinnar að hlýða á reynslusögur frá fyrri styrkþegum Frumkvöðlasjóðs Íslandsbanka.

Styrkþegar segja frá sínum verkefnum, hvar þau eru stödd í dag og hvernig styrkurinn hjálpaði þeim til að taka sín verkefni áfram. Í upphafi fundar verður stutt kynning á Frumkvöðlasjóði Íslandsbanka sem gagnast sérstaklega þeim sem hafa áhuga á að sækja um styrk úr sjóðnum.

Á fundinum verða erindi frá: Garðari Finnssyni, stofnanda Plastgarða, Sigríði Bylgju, stofnanda Trés lífsins, Rögnu Söru, stofnanda Fólks, og Chanel Björk, höfundu Hennar raddar.

ALLT FYRIR HELGINA

Í NÆSTU VERSLUN NETTÓ!

TILBOÐ GILDA 22. – 24. MAÍ

**LAMBAGRILLSNEIÐAR
KLÁRAR Á GRILLIÐ!**

**42%
AFSLÁTTUR**

1.096 KR/KG
ÁÐUR: 1.889 KR/KG



Danpo 

**20%
AFSLÁTTUR**

Kjúklingabringur
900 gr

1.199 KR/PK
ÁÐUR: 1.499 KR/PK



**20%
AFSLÁTTUR**

Nauta tomahawk
Kjötbankinn

4.719 KR/KG
ÁÐUR: 5.899 KR/KG



**50%
AFSLÁTTUR**

KJÖTSEL

Grísabógsneiðar
í Alabamamarineringu

599 KR/KG
ÁÐUR: 1.198 KR/KG



**40%
AFSLÁTTUR**

Ólívuolía
500 ml – Änglamark

599 KR/STK
ÁÐUR: 999 KR/STK

**Heilsuvara
vikunnar!**



HROSSAFILLE

GRILLSTEIK

**50%
AFSLÁTTUR**

1.449 KR/KG
ÁÐUR: 2.898 KR/KG



BARION

**ÞÚ FÆRÐ BARION
VÖRURNAR Í NETTÓ!**



Vatnsmelónur

194 KR/KG
ÁÐUR: 259 KR/KG

**25%
AFSLÁTTUR**



GERÐU INNKAUPIN TÍMANLEGA

HVÍTASUNNUDAGUR: LOKAÐ

ANNAR Í HVÍTASUNNU: HEFÐBUNDINN AFGREIÐSLUTÍMI

nettó

Lægra verð - léttari innkaup

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

María Heba Þorkelsdóttir kynntist eiginmanni sínum aðeins tvítug. Hún segir reynslu þeirra af barnsmíssi hafa styrkt samband þeirra en María missti barn í móðurkviði árið 2006. Hún segir hjartað slá í leikhúsinu en nýtur þess þó einnig að leika í sjónvarpi.

María Heba Þorkelsdóttir Edduverðlaunaleikkona fer með stórt hlutverk í sjónvarpsþáttunum Systraböndum sem nýlega voru sýndir í Sjónvarpi Símans. Sagan segir frá því þegar ung stúlka hverfur á tíunda áratug síðustu aldar og því hvernig þrjár æskuvinkonur þurfa að horfast í augu við fortíðina þegar mannabein finnast á æskulóðum þeirra.

María Heba leikur á áhrifamikinn hátt Rut, móður horfnu stúlkunnar, og segist hún ekki hafa þurft að hugsa sig lengi um áður en hún þáði hlutverkið. „Ég vissi fljótt að þetta væri hlutverk sem ég vildi taka að mér,“ segir María Heba. „Það felst í því stór áskorun sem manni býðst kannski ekki á hverjum degi,“ bætir hún við og vísar til þess að sagan í Systraböndum gerist á tveimur tímabilum.

„Það er mjög spennandi að fá að leika sömu manneskjuna á mismunandi aldri. Svo var ég mjög áhugasöm um að vinna með Silju aftur en ég er búin að þekkja hana í mörg ár,“ segir María Heba. Silja Hauksdóttir er leikstjóri og einn handritshöfundur þáttanna.

„Systrabönd eru mikið kvennaverk og ég hef í gegnum tíðina unnið mikið með konum og í verkefnum tengdum konum,“ segir María Heba sem lærði bæði bókmennta- og kynjafræði í Háskóla Íslands áður en hún hóf nám í leiklist árið 1999. Hún lagði mikla áherslu á femínískar bókmenntir í náminu og segir margt hafa breyst síðan þá.

Mikilvægar breytingar

„Í öllu samtali um femínisma megum við ekki gleyma því hvað þetta er gamalt kerfi sem við erum að brjóta niður, þetta er áþúsunda gamalt og breytingarnar eru að gerast mjög hratt þó okkur finnist þær stundum standa í stað,“ útskýrir María Heba. „Það að vera með unga konu sem dómsmálaráðherra á tímum sem þessum er til dæmis mjög mikilvægt því sjónarmið kvenna þurfa alltaf að vera inni á borðinu alls staðar og í allri ákvarðanatöku,“ bætir hún við.

„Svo sannarlega er ýmislegt sem er ekki í lagi enn þá en við sjáum muninn til að mynda í Systraböndum þegar við berum saman tvö mismunandi tímabil,“ segir María Heba. En karakter hennar í þáttunum opnar sig um kynferðisofbeldi við lögregluna sem gefur því gaum í rauntíma en ekki þegar ofbeldið á sér stað, á tíunda áratug síðustu aldar.

„Hvað varðar svona lögreglumál og skýrslutökur yfir konum sem hafa orðið fyrir ofbeldi eru þessar breytingar gríðarlega mikilvægar. Í Systraböndum finnum við þennan mun þarna á milli, það eru áratugir búnir að líða og það er kominn ný dögur og það er nýtt „setup“ á því hvernig við ætlum að tækla hlutina og hvernig við ætlum að koma fram við konu sem er þolandi ofbeldis.“

Barnsmíssirinn mikið áfall

Í Systraböndum leikur María Heba móður sem missir barnið sitt. Hún segir hlutverkið hafa verið krefjandi á ýmsan hátt en María Heba deilir þeirri upplifun með karakter sínum að hafa misst barn.

„Við Kristófer misstum dóttur í móðurkviði í október árið 2006,“ segir María Heba. „Hún var annað barnið okkar en þarna var elsti strákurinn okkar eins og hálfis árs, hún var andvana fædd og ég var gengin rúmar 32 vikur,“ bætir hún við.



María Heba fer með hlutverk Rutar í Systraböndum sem nýlega voru sýnd í Sjónvarpi Símans.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ég er ekki bara konan sem missti barnið sitt



Birna Dröfn Jónasdóttir
birnadrofn
@frettabladid.is

María Heba var í hefðbundinni mæðraskoðun þegar í ljós kom að dóttir hennar og eiginmanns hennar, Kristófers Dignus leikstjóra, var látin. „Þetta var náttúrliga bara skelfilegt áfall að verða fyrir og eitt-hvað sem markerar mann á einhvern hátt,“ segir María Heba.

Dóttir þeirra Kristófers fæddist andvana 9. október og á því sama afmælisdag og John Lennon. „Það var sérstaklega dýrmætt fyrir okkur að á eins árs afmælisdaginn hennar var friðarsúlan tendruð í fyrsta skipti. Við fórum litla fjölskyldan með strákinn okkar dúðaðan í kuldagalla niður á Sæbraut og horfðum á það þegar súlan var tendruð,“ segir María Heba sem þykir alltaf vænt um þessa stund. „Mér þykir líka alltaf vænt um að þetta fallega ljós skíni upp til englanna á afmælisdaginn hennar,“ segir hún en Friðarsúlan sem stendur í Viðey er tendruð þennan dag á hvert.

Spurð að því hvort reynsla hennar af barnsmíssi hafi nýst henni við hlutverk hennar í Systraböndum segir María Heba alla reynslu

stækka hana sem listamann en að sem leikkona gráti hún ekki sinn eigin sársauka þegar hún er í vinnunni. „Sem leikari get ég ekki farið og sótt beint í mína reynslu eða minn sársauka þegar ég er að leika. Við Rut deilum þessari reynslu á einhvern hátt en hún er að gráta annað en ég, mín tár á dóttir mín og þau eru alveg heilög,“ útskýrir hún.

María Heba segir hlutverkið ekki hafa ýft upp sorg hennar því að í lok dagsins sé leiklist plat. „Þetta er auðvitað ekki eins og hver önnur vinna en samt alltaf plat. Ef ég væri að vinna við að sópa stétt, þá bara sópa ég og geng svo frá kústinum og fer heim. En sem leikari tala ég með minni röddu og nota minn líkama en það er samt plat,“ segir hún.

„Þó að mín reynsla kannski hjálpi mér að skilja sorg Rutar þá er það ekki þannig að ég hugsi til dóttur minnar og gráti sem Rut,“ bætir hún við.

Tabú að tala um sorg

Eftir barnsmíssinn upplifði María Heba það að margir ættu erfitt með að tala um sorg og dauðann.

Fólk sem hún þekkti vel tók jafnvel sveig þegar það sá hana úti á götu eða vissi ekki hvað það átti að segja þegar það hitti hana. „Öll verðum við fyrir sorg einhvern tímann á lífsleiðinni því það kemst enginn í gegnum lífið án þess að verða bitinn af því og því er í raun alveg merkilegt hvað fólk á erfitt með að tala um sorg,“ segir hún.

„Ég get alveg speglað mig í því þegar fólk veit ekki hvað það á að segja við einhvern sem er í sorg af því maður verður svo vanmáttugur. Fólk hræðist það til dæmis að sá sem syrgir fari að gráta eins og það sé það versta sem gæti gerst.“

Margt hefur breyst varðandi andvana fæðingar frá því að María Heba og Kristófer misstu dóttur sína. Til að mynda hefur félagið Gleym mér ei verið starfandi frá árinu 2013 en tilgangur þess er að vera til staðar fyrir þau sem missa á meðgöngu eða stuttu eftir fæðingu og veita stuðning og fræðslu. Þá eiga foreldrar sem upplifa fösturlát eftir átján vikna meðgöngu eða andvanafæðingu eftir 22 vikna meðgöngu rétt til fæðingarorlofs.

María Heba segir að eftir að hún missti dóttur sína hafi hana vantað staðfestingu á því að dóttir hennar hefði í raun verið lifandi. „Ég heyrði út undan mér að þetta hefði ekki verið raunverulegt og að þetta hefði ekki verið barnsmíssir af því hún fæddist ekki lifandi,“ útskýrir hún.

„En við setjum ekki sorg einnar manneskju á einhvern mælikvarða við sorg annarrar manneskju því við berum ekki saman sorg. Dóttir mín var sannarlega lifandi og hún var sannarlega barnið okkar,“ segir María Heba.

Hún segir sorgina hafa styrkt samband þeirra Kristófers sem hafa nú eignast tvö börn til viðbótar. Eftir missinn var María Heba hrædd við að verða ófrísk á ný en sonur hennar beið að hennar sögn við dyrakarminn, svo spennur var hann að fá að vera með í þessu lífi.

„Ég var í leikferðalagi og við Kristófer höfðum ákveðið að byrja að reyna aftur þegar ég kæmi heim, svo bara reyndum við einu sinni og ég sagði honum að ég væri ekki tilbúin. Það þýddi þó ekkert því ég var orðin ólétt,“ segir María Heba og hlær.

Með sálufélaganum í 27 ár

Kristófer og María Heba hafa verið saman síðan hún var tvítug, eða í tæp þrjátíu ár. Hún kallar hann sálufélaga sinn og segist hafa áttað sig á því fljótt eftir að leiðir þeirra lágu saman að hann væri maðurinn hennar. „Ung var ég Njálí gefin,“ segir María Heba glettin.

Þau Kristófer vinna í sama bransa og hafa unnið saman að mörgum verkefnum. María Heba segir það skapa mikinn skilning þeirra á milli. „Í því felst líka mikill stuðningur varðandi vinnuna sem er frábært í hjónabandi,“ segir María Heba.

„Ég hef oft leikið fyrir hann en ég hef líka sagt nei við hann ef ég tel mig ekki rétta manneskju í hlutverkið,“ segir María Heba en þau unnu meðal annars saman að sjónvarpsþáttunum Fólkið í blokkinni og Áramótaskaupunum árin 2013 og 2015. Þau vinna nú saman að framhaldi þáttanna Jarðarförin mín, þáttum sem nefnast Brúðkaupið mitt. Þættirnir verða teknir upp í sumar og fer María Heba með hlutverk í þáttunum og Kristófer leikstýrir.

Hún segir þau hjónin ekki verða þreytt hvort á öðru þó að þau bæði vinni saman og búi saman. „Hann er besti vinur minn og sálufélagi og við höfum alveg gengið í gegnum okkar brekkur á þessum 27 árum sem við höfum verið saman en það er svo langt síðan ég tók ákvörðun um að ég ætlaði að vera með honum að það hefur lítil áhrif á okkar samband,“ útskýrir María.

„Ég held nefnilega að ástin sé líka ákvörðun. Maður verður yfir sig ástfanginn af einhverjum og það er mikil hrifning en það er ekkert



Við Rut deilum þessari reynslu á einhvern hátt en hún er að gráta annað en ég, mín tár á dóttir mín og þau eru alveg heilög.



NÁTTÚRULEGA GOTT GRILLSUMAR

MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI

Langþráð sumar með samveru, gleði og góðum mat. Njótum daganna með því besta sem við eigum og grillum lambakjöt – náttúrulega.

Skoðaðu uppskriftirnar á islensktlambakjot.is

María Heba hefur leikið mikið bæði í leikhúsi og sjónvarpi. Hún segir hjartað slá í leikhúsinu en hún leikur um þessar mundir í verkinu Mæður í Borgarleikhúsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI



Hann er besti vinur minn og sálufélagi og við höfum alveg gengið í gegnum okkar brekkur á þessum 27 árum sem við höfum verið saman en það er svo langt síðan ég tók ákvörðun um að ég ætlaði að vera með honum að það hefur lítil áhrif á okkar samband.



María Heba og Kristófer hafa verið saman í 27 ára. Þau eru bestu vinir og sálufélagar. Hér eru þau fjölskyldan saman í Flatey.

MYND/ADSEND



Mariu dreymdi ekki um að verða leikari í æsku en nýtur starfsins.

enn," segir María sem æfir dans hjá Birnu Björns í hverri viku.

„Svo þegar ég var í Háskólanum þá var kær vinkona mín í leiklistarskólanum og ég fylgdist náið með henni og hennar bekk og áttaði mig þannig á að þetta væri eitthvað sem væri hægt að læra og verða góð í," segir hún.

María Heba sótti þrisvar um í leiklistarskólann og komst svo inn sama ár og hún útskrifaðist úr Háskólanum. Það sama ár komst hún einnig inn í leiklistarskóla í London en var ákveðin í því að læra leiklist hér heima á Íslandi. „Ég komst inn í skólann á nákvæmlega réttum tíma fyrir mig og lenti í rétta bekknum fyrir mig, það er alveg klárt mál," segir María Heba sem heldur enn góðu sambandi við bekkjarsystur sínar úr skólanum.

Hjartað slær í leikhúsinu

María Heba hefur unnið mikið bæði í sjónvarpi og í leikhúsi. Um þessar mundir leikur hún í verkinu Mæður sem sýnt er í Borgarleikhúsinu. Hún segist njóta þess að vinna bæði í leikhúsi og sjónvarpi en að hjartað slái í leikhúsinu.

„Þegar það er gaman í leikhúsinu þá er eiginlega hvergi skemmtilegra að vera," segir hún. Aðspurð hvort endurtekning felist í því að leika sama verkið kvöld eftir kvöld segir hún svo ekki vera, sem leikari þurfi maður bara að læra að elska endurtekningu. „Það er alltaf ný hlustun og ný tenging með nýjum áhorfendum," segir hún.

Mæður fjallar um allar klisjur, mýtur og það óvænta sem fylgir móðurhlutverkinu og er í leikstjórn Álfrúnar Örnólfsdóttur. Sýningar standa til 5. júní. ■

alltaf þannig og það minnir mann á að ástin sé ákvörðun, svo reynir maður að standa við þá ákvörðun," segir hún.

María Heba segir þau Kristófer bæta hvort annað upp. Þau séu afar ólík en nái einstaklega vel saman. „Ég er miklu hægari og varkárari og þarf að hugsa alla hluti vel. Hann er iðnasta manneskja sem ég þekki, þarf alltaf að vera að gera eitthvað og er alltaf með mörg járn í eldinum."

Hún segir barnsmissinn hafa gert samband þeirra sterkara og að þau hafi staðið saman í gegnum þá reynslu. „Ég held að í svona reynslu sé bara tvennt í boði, annað hvort fjarlægast hjón eða þau styrkjast. Fyrir einhverja mildi vorum við svo

heppin að við náðum að feta þetta saman."

Missirinn skilgreinir hana ekki

Þau hjónin hafa unnið í sorginni og eru meðvituð um að huga einstaklega vel að lifandi börnum sínum. „Ég er búin að ganga með og eiga fjögur börn og systkini hennar vita af henni. Hún er hluti af fjölskyldunni en mér finnst mikilvægt að börnin mín sem eru hjá mér finni að þau séu aðalatriðið í mínu lífi en ekki í öðru sæti vegna barnsins sem ég fékk ekki að hafa hjá mér," útskýrir hún. „Og ég held að okkur hafi tekist það."

„Þetta er reynsla sem er ekki hægt að skilja nema að hafa upplifað hana en ég er meðvituð um að þetta atvik

skilgreini mig ekki því það er svo margt annað sem við hjónin erum. Ég er ekki bara konan sem missti barnið sitt, ég er til dæmis líka konan sem á þrjá frábæra krakka."

Fullkomin tímasetning

María Heba segist yfirleitt ánægð með það starf sem hún valdi sér, að vera leikkona. Foreldrar hennar voru bæði kennarar og þegar hún var barn var leiklistin ekki hennar draumur. „Það bara hvarflaði einhvern veginn ekki að mér að verða leikkona, ég bara hafði ekki hugmyndaflug í það. Kannski vantaði mig bara fyrirmyndir á þeim vettvangi í mínu nærumhverfi. Ég var alltaf í dansi sem barn og hafði mikla ástríðu fyrir því að dansa og hef hana



Í öllu samtali um feminisma megum við ekki gleyma því hvað þetta er gamalt kerfi sem við erum að brjóta niður, þetta er árþúsunda gamalt og breytlingarnar eru að gerast mjög hratt þó okkur finnst þær stundum standa í stað.

Fjölskyldupakkinn:



= **19.990 kr.**
ALLT ÓTAKMARKAÐ

vodafone

TIL HAMINGJU MEISTARANEMAR



Til hamingju meistaranemar í verkfræði og tölvunarfræði við Háskóla Íslands

Meistaránemar í verkfræði og tölvunarfræði við Háskóla Íslands hafa, líkt og aðrir nemendur, þurft að kljást við erfiðar áskoranir á stærstum hluta námstíma síns sem nú er að baki.

Þjartari tímar blasa við þessum duglegu nemendum sem bráðlega bætast við í myndarlegan hóp verkfræðinga á Íslandi.

Afrakstur námsins birtist meðal annars í fjölda meistaraverkefna sem hafa nú á vormánuðunum verið kynnt og varin. Í þessum fjölbreytta hópi eru meðal annars verkefni sem fjalla um:

- Áhættubundið eftirlit
- Áhrifavalda á framleiðni
- Ákvörðunarlíkön í atvinnurekstri
- Burðarþolshönnun á húsum
- Dreifikerfi og kolefnaspor
- Greiningu gervihnattamynda
- Hönnun dreifikerfa fyrir netverslun
- Hönnun og notagildi gervifóta
- Hönnun snjóflóðavarna
- Innkaup og framleiðslu
- Klifurleiðavísa og vafra
- Kolefnaspor í framleiðslu
- Kostnaðaráætlanir við húsbyggingar
- Neysludrifið kolefnafótspor
- Skólphreinsun við íslenskar aðstæður
- Sót í borgum
- Spálíkön og fjarkönnun
- Vistferilsgreiningar

Á Meistaradegi Verkfræðistofnunar Háskólans, þriðjudaginn 25. maí kl 13:00, munu nokkrir nemendur kynna verkefni sín og niðurstöður. Viðburðurinn fer fram á netinu á von.hi.is/meistaradagur.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐISTOFNUN

Nánar á hi.is

Reynsla gerenda mikilvæg fyrir samfélagið



Þorvaldur S. Helgason
thorvaldur@frettabladid.is

Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir, doktorsnemi á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, vinnur nú að verkefni þar sem hún rannsakar upplifun feðra sem beitt hafa ofbeldi í nánnum samböndum.

Verkefni Rannveigar ber heitið Feður sem beitt hafa ofbeldi í nánnum samböndum: orðræður, reynsla og úrræði, og er hluti af stærra verkefni um karla sem beitt hafa ofbeldi, undir leiðsögn Jóns Ingvars Kjara, prófessors á menntavísindasviði HI.

„Ég er sérstaklega að skoða feður sem hafa beitt ofbeldi og ástæðan fyrir því er kannski sú að það er bara mjög víðeigandi núna, flestir sem beita ofbeldi í nánnum samböndum eru karlar og flestir karlar sem beita ofbeldi í nánnum samböndum eiga börn,“ segir Rannveig sem búsett er í Stokkhólmi ásamt fjölskyldu sinni.

Rannveig segist hafa byrjað rannsóknina á að einblína á ofbeldi gagnvart maka en hún hafi fljótlega áttað sig á því að þegar börn eru til staðar hefur slíkt ofbeldi alltaf gífurlega mikil áhrif á þau, hvort sem þau eru verða fyrir ofbeldi á beinan hátt eða ekki. „Hvort sem börn eru beitt ofbeldi með beinum hætti eða ekki þá er ofbeldi í nánnum sambandi milli foreldra eða gagnvart foreldri alltaf ofbeldi gagnvart barni líka. Þannig að ég geri ekki svo stóran greinarmun þar á. Margir mennanna hafa beitt börnin sín ofbeldi en ég myndi segja að í öllum tilfellum hefur þetta áhrif á líf þeirra með mjög stórum hætti,“ segir Rannveig.

MeeToo hafði mikil áhrif

Verkefni Rannveigar skiptist í þrjá hluta og segist hún hafa byrjað á því að skoða umræðuna um feður í fjölmiðlum og þá sérstaklega feður sem beitt hafa ofbeldi. Þegar rannsókn hennar hafði farið fyrir Vísindasíðanefnd hóf hún að taka viðtöl við gerendur og naut þar stuðnings frá Heimilisfriði, meðferðar- og þekkingarmiðstöð um ofbeldi í nánnum samböndum. Rannveig segir MeeToo-bylgjuna hafa haft mikil áhrif á umræðuna um ofbeldi í nánnum samböndum, bæði upprunalega bylgjuna sem átti sér stað 2017-2018 og núverandi bylgju sem hófst fyrir nokkrum vikum.

„Það sem er öðruvísi við þessa MeeToo-bylgju frá þeirri sem var 2017-18 er að hún er að taka gerendur meira inn í myndina og umræðan snýst meira um hvernig við ætlum að takast á við karla sem



Carolina Johansson Oviedo

Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir, doktorsnemi á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

MYND/
CAROLINA JOHANSSON OVIEDO

segir Rannveig að mikilvægt sé að geta rannsakað upplifun gerenda án þess að það dragi á einhvern hátt úr upplifun brotaþola.

„Þarna er svo ótrúlega mikilvægt að rannsóknin byggji á fémínískum kenningum um reynslu. Það verður akkeri í því að finna einhvers konar jafnvægi á milli þess að hlusta, trúá og taka gilda upplifun og reynslu þeirra karlmanna sem ég tala við. Einmitt ekki að draga í efa þeirra reynslu en á móti kemur að ég er líka svolitíð með rjómann af því þetta eru karlmenn sem koma til mín tilbúnir að viðurkenna að þeir hafi beitt ofbeldi og eru yfirleitt að vinna með það gagnert að hætta því. En mér finnst mikilvægt að hluti af rannsókninni sé líka að ganga út frá reynslu brotaþola og barna. Það verður að vera mjög sterkt akkeri að þarna erum við að tala um raunverulegar afleiðingar ofbeldis fyrir brotaþola og börn.“

Aðspurð um hverjar væntingar hennar séu til verkefnisins segir Rannveig að hennar framlag í umræðuna um ofbeldi í nánnum samböndum sé að koma með reynslu gerenda inn í þá umræðu.

„Það er samfélagslega mikilvægt að skoða sérstaklega þeirra reynslu og hingað til hafa athuganir á ofbeldi í nánnum samböndum réttlæga mest beinst að konum og brotaþolum. En það er ótrúlega mikilvægt til að fá dýpri heildarmynd af vandanum að tala sérstaklega við karla sem hafa beitt ofbeldi og í þessu tilviki feður. Það getur leitt til áhrifarikra tillagna að úrbótum og forvörnum að skilja betur hvar þeir upplifa breytingar, erfiðleika og óþægindi.“



Það verður að vera einhver möguleiki að ræða við gerendur með uppbyggilegum hætti.

beitt hafa ofbeldi og hvernig við ætlum að tala um það. Ýmsir menn hafa verið að stíga fram og átta sig á að hegðun þeirra í fortíðinni eða nútíðinni er ofbeldi. Þannig að ég sá fyrir mér að kannski væri hópur þarna sem væri meira tilbúinn að koma og tala núna, menn sem eru kannski bara einmitt að átta sig á að hegðun þeirra er ofbeldi og það gæti verið mjög áhugavert fyrir rannsóknina að fá inn þann vinkil líka. Sem er kannski svolitíð frábrugðið frá mönnum sem eru búnir að vera í margra ára meðferðarvinnu eða sjálfsvinnu,“ segir Rannveig.

Flókið að finna viðmælendur

Rannveig segir það vera flókið ferli að finna viðmælendur fyrir verkefnið enda er um að ræða mjög viðkvæm og erfið mál. Hún hefur því tekið upp á því að auglýsa eftir viðmælendum á samfélagsmiðlum og heitir fyllsta trúnaði til allra sem eru tilbúnir að segja henni sögu sína. Rannveig segir það geta verið erfitt að hlusta á ofbeldislýsingar viðmælenda sinna en þá geti einnig verið erfitt að heyra hversu mikil áhrif það að gangast við ofbeldinu hefur á sjálfsmynd þessara manna.

„Auðvitað er flókið og triggerandi að hlusta á lýsingar á ofbeldi en það sem er líka svo flókið er að hlusta á hvað þetta er ótrúlega erfitt fyrir sjálfsmynd þeirra. Eins og fyrir alla er sjálfsvinna ótrúlega „skafandi“ og berskjaldandi ferli, hvað þá þegar það eru skapgerðarrestir og skaðleg hegðun sem er verið að vinna í. Það getur verið mjög óþægilegt og erfitt,“ segir Rannveig.

Hún segir að einn erfiðasti hlutinn í meðferðarvinnu gerenda sé að samræma sjálfsmynd þeirra eftir að þeir hafi viðurkennt að hafa beitt ofbeldi.

„Það er oft kannski einn stærsti hlutinn að vinna með, heyrir maður, að þetta samræmist ekki sjálfsmyndinni þeirra. Þessi togstreita og áreksur, að þurfa að greiða úr því að hegðunin sem að þú ert búinn að beita falli ekki að sjálfsmyndinni. Það sem er svo flókið þarna

sem er verið að ræða mikið núna er þessi skrímslavæðing, af því hún birtir ákveðna erkitýpu ofbeldis og nauðgana sem verður svo svona handrit að „alvöru ofbeldi“.

Skaðlegar staðalimyndir

Rannveig segir skrímslavæðinguna gera það að verkum til verði einhvers konar staðalmynd „alvöru ofbeldismanns“ og „alvöru brotaþola“ en hættan við slíkt er að það fæli fólk frá því að leita sér hjálpar því það telur sig ekki passa fullkomlega inn í þessa flokka.

„Það er mjög stórt ferli að byrja að segja: „Hegðunin mín er ofbeldi en ég er ekki ofbeldismaður, ég vakna ekki á morgnana og hugsa hvernig ætla ég að beita ofbeldi í dag?“ Með þessari staðalmynd sem við höfum skapað um „alvöru ofbeldismann“ sjáum við fyrir okkur að það sé einhver sem virkilega vaknar og hefur það sem markmið að beita fólk ofbeldi,“ segir Rannveig.

Hún segir orðræðuna sem á sér stað í fjölmiðlum um jafnrétti og það sem viðkemur ofbeldi karlmanna vera mjög flókna því þar mætist fjölmörg ólík sjónarmið sem sé mikilvægt að taka tillit til.

„Þarna fléttast saman margar flóknar orðræður. Það er þessi jafnréttisordræða um að við ætlum að lifa í samfélagi sem byggir á kynjajafnrétti og í því felst að auka þátttöku kvenna á vinnumarkaði en jafnframt að auka þátttöku feðra í uppeldi barna. Þetta er eitthvað sem við höldum mjög sterkt á lofti og erum mjög stolt af, að við ætlum að vera samfélag sem eykur þátttöku feðra. Rannsóknir sýna að þetta verður mjög sterkur hluti af sjálfsmynd karla, hvort sem þeir eiga börn eða ekki. Samhliða þessari orðræðu erum við svo með baráttuna fyrir því að við ætlum að vernda börn og fólk fyrir ofbeldi. Þar verður til þessi núningur,“ segir Rannveig.

Reynsla gerenda og brotaþola

Spurð hvort hún reyni á einhvern hátt að sannreyna frásagnir viðmælenda sinna út frá hlið brotaþola

Engin ein lausn við ofbeldi

Rannveig segir enga eina lausn vera gagnvart ofbeldi í nánnum samböndum en að hluti af lausninni sé að eiga ítrekuð og erfið samtöl um þessi mál á ólíkum vettvangi. Í því samhengi séu hreyfingar á borð við MeeToo mjög mikilvægar.

„Þetta verður ekki leyst einn tveir og bingó, annars væri búið að því. En lausnin hlýtur samt alltaf að felast í því að ræða um ofbeldið, hvað er ofbeldi og hvernig upplifum við það? Það verður að vera einhver möguleiki að ræða við gerendur með uppbyggilegum hætti. Það verður að vera afturkvæmt í samfélagið og það verður að vera möguleiki á að ræða það og horfast í augu við það,“ segir Rannveig.

Hún segir það þó sérstaklega mikilvægt að taka tillit til brotaþola hvað slíka umræðu varðar og fara eftir óskum þeirra varðandi það hvernig umræðan á sér stað.

„Margir brotaþolar vilja að þeir sem beitt hafa ofbeldi komi fram, biðjist afsökunar og taki ábyrgð á því sem þeir hafa gert. Ekki með einhverjum óljósum hætti eins og „Ég fór yfir mörk“ heldur segi nákvæmlega hvað það var sem gerðist. Aðrir brotaþolar vilja alls ekki fá neitt samband og það verður að virða það að reynslan er svo ólík eftir því í hvað samhengi hún er. Reynsla margra núna af því ofbeldi sem þeir hafa upplifað er allt öðruvísi heldur en þegar það átti sér stað af því að samfélagslega umræðan er að breytast og reynsla breytist í takt við menningu og samtölin sem við erum að eiga. Þess vegna eru margir að átta sig á að reynsla þeirra af því sem þeim fannst einhvern tíma eðlilegt og bara glötuð samskipti er kannski eitthvað annað og meira,“ segir Rannveig að lokum.

Rannveig Ágústa er sem stendur að leita að viðmælendum fyrir rannsókn sína á ofbeldi feðra í nánnum samböndum. Þeim sem hafa áhuga á að leggja henni lið er bent á að hafa samband í gegnum netfangið rag43@hi.is. ■



Framlagning kjörskráa

Kjörskrár vegna kosningar um sameiningu sveitarfélaganna Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar, sem haldnar verða laugardaginn 5. júní 2021, skulu lagðar fram eigi síðar en 26. maí 2021.

Kjörskrár skal leggja fram á skrifstofu sveitarstjórna eða á öðrum hentugum stað sem sveitarstjórn ákveður.

Þeim sem vilja koma að athugasemdum er bent á að senda þær hlutaðeigandi sveitarstjórn.

Dómsmálaráðuneytinu, 21. maí 2021.

Stjórarnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið



ALLT FYRIR ÚTILEGUNA!



COLEMAN SPRUCE
FALLS 4 PLUS
79.995.-



EUROM
RAFMAGNSHITARI
9.995.-



BARDANI MONKEY
BARNASTÓLL
4.995.-



COLEMAN KOBUK
VALLEY 2
22.995.-



CAMPINGAZ
ÁL POTTASETT
11.995.-



COLEMAN DECK
STÓLL
16.995.-



BARDANI GOBLIN
MATARSTELL
8.995.-



CAMPINGAZ XTRA
SINGLE LOFTDÝNA
6.995.-



COLEMAN SILVERTON
250 SVEFNPOKI
14.995.-



BARDANI MUSICA
GRANDE BORD
22.995.-



PRIMUS LOKE
TJALDHITARI
15.995.-



CAMPINGAZ
KÆLIBOX 28L
26.995.-



CAMPINGAZ HELLA
400 SG
27.995.-

ELLINGSEN

Fiskislóð 1, Reykjavík / Óseyri 4, Akureyri / Síðan 1916 / 580-8500 / www.ellingsen.is

Búin með öll eðlileg umræðuefni

Teikningar **Lóu Hjálmtýs-dóttur** hafa sannarlega notið vinsælda og vakið athygli undanfarin misseri en árið 2020 setti hún sér það markmið að teikna eina teikningu hvern dag. Það var áður en hún vissi að það yrði árið sem flest annað yrði bannað, eða að um hlaupar væri að ræða, svo teikningarnar urðu á endanum 366 talsins og eru nú orðnar að bók.

Um leið og sest er niður með Lóu Hjálmtýsdóttur kemur í ljós að þar fer manneskja sem á auðvelt með að tjá sig. „Ég er auðvitað búin að vera í 16 ár í hljómsveit með sex körlum og við erum bara búin með öll eðlileg umræðuefni,“ segir söngkona sveitarinnar FM Belfast.

„Ég hef ekki lengur skilning á því hvað er eðlilegt að tala um enda hef ég verið föst í bíl með þeim vikum saman á tónleikaferðalagi. Ef ég fer á frumsýningu eða opnun eða slíkt þarf ég að hugsa mig virkilega vel um hvað megí tala um,“ segir hún í léttum tón.

Talandi um tónleikaferðalög í rútu með sex körlum; Lóa segir áskoranirnar fáar í þeim efnum, samstarfið og á tíðum sambúðin sé góð, ekki einu sinni lykt sé til trafala á slíkum ferðum. „Nei, þetta eru frábærir, hreinir menn, allir í bandinu eru mjög snyrtilegir, það kom mér á óvart,“ segir hún og skellir upp úr.

Aðspurð segir hún þau löngu búin að ræða tilfinningaskalann og fara á alla heimsins trúna. „Það er ekkert voða mikið drama eða neitt þannig. Eina dramað í mínu lífi er þegar ég held að einhver sé í skemmtilegri spjallgrúpu en ég er í,“ segir Lóa og hlær og í ljós kemur að hún er í ótal spjallgrúppum á Messenger sem tengjast hinum og þessum öngum lífs hennar. Nýjasta grúpan er brennógrúpa en hún segist hafa tilleiðst í brennóhópinn til að hafa ástæðu til að koma sér út úr húsi enda sé allt sósiállíf komið úr sinki eins og hjá fleirum á tímum heimsfaraldurs.



Lóa hér á vinnustofu sinni sem skyndilega breyttist líka í innrömmunarverkstæði enda myndir hennar orðnar vinsælar á heimilum Íslendinga.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Björk Eidsdóttir
bjork
@frettabladid.is

degi. „Hugmyndin að bókinni kom svo upp í samtali við bókaútgáfuna Sölklu.“

Bjargað af skipulögðu fólki

Heimsfaraldur breytti starfi Lóu að mörgu leyti en hún hafði ekki verið mikið í því að selja myndir sínar til einstaklinga.

„Fólk var mikið heima hjá sér í fyrra að horfa á veggina og sá að það vantaði eitthvað á þá. Fólk fór að panta myndir og skyndilega var ég komin með lítið innrömmunarverkstæði á vinnustofunni, vefbúð og skjal fyrir pantanir,“ segir Lóa og virðist enn hissa.

„Sandra vinkona mín er ógeðslega skipulögð og horfði á óskipulagða miðamonsterið sem skrifborðið mitt var orðið og sá svo mig ógeðslega stressaða enda var ég að svara hverri og einni manneskju á Instagram og Facebook og skrifa á miða um allt.“

Vinkonan sá að þetta gæti ekki gengið mikið lengur og útbjó skipulagt skjal fyrir pantanir og Lóa gerði skiptidíl við hönnuð sem hafði tekið eftir því að hún væri ekki með vefverslun, og útbjó slíka fyrir hana.

„Nú lít ég út fyrir að vera ógeðslega fagleg á meðan ég er það ekki en var bjargað af skipulögðu fólki. Maðurinn minn er líka svona skipulagður og minnir mig reglulega á að ég skuldi myndasögu og svo framvegis, það hefur bjargað mér. Ég villist alltaf af leið,“ segir Lóa.

Milljón litil skref

Lóa býr með Árna Hlödverssyni en þau hafa verið saman jafn lengi og þau hafa verið saman í hljómsveit, eða sextán ár, og eiga þau saman einn son. Upphafið að hljómsveitarferlinum var þó tilviljanakennt en Lóa segir tilviljanir einkenna sitt líf.

„Það var einhver sem mætti ekki á hljómsveitaræfingu og ég bara rúllaði út af Sirkus og hef verið með síðan. Þannig er ótrúlega margt sem ég geri, ég er bara til í eitthvað og það vindur svo upp á sig. Ég veit að það eru mjög skringileg trúarbrögð en mér líður eins og ef eitthvað gengur vel þá sé það rétt. Ég fylgi



Lóa fann leið til að koma listanum sem flestar mæður eru með fastan í hugarum í eina mynd í tilefni meðradagsins í fyrra og sló í gegn.

straumi sem verður til og mæti og vinn og sé hvert það fer.“

Lóa segist yfirleitt ekki sækja um störf eða verkefni, þannig lagað virki yfirleitt ekki fyrir hana. „Ég myndi ekki bjóða mig fram sem forseta þó að það hljómi eins og vel borgað og gott gigg, af því að ég get ekki ímyndað mér að það myndi ganga upp hjá mér.“ Aðspurð hvers vegna hún efist um að forsetaframboð myndi henta henni, svarar Lóa: „Ég veit það ekki, ætli ég myndi ekki móðga einhvern í einhverju matarboði.“

Hún segir milljón litil skref hafa leitt hana þangað sem hún er, en ákvarðanirnar sem hún þurfi að taka varði frekar hvenær hún eigi að koma sér út úr einhverju. Teikningar Lóu endurspeglar ansi oft hugarheim kvenna og gerir hún óspart grín að þeirri pressu sem konur verða fyrir. „Þú þarft að vera heilt fyrirtæki en mátt hvorki eldast né vera feit.“ Það eru svona skriljón reglur sem maður veit um,“ segir Lóa um pressuna.

Lóa segist hafa gengist mjög upp í því á unglingsárunum að vera ekki kvenleg í útliti. „Mér fannst það bara óspennandi en samt vissi ég skritna hluti sem ég sogaði úr umhverfinu, eins og að maður ætti ekki að fara í augabrúnaþlokkun daginn fyrir brúðkaup. Eins og þetta væru upp-lýsingar sem gott væri að búa að?“ segir hún furðu lostin.



Þessari hugmynd laust niður í huga Lóu þegar sonurinn var kominn í næturpóssun og hún segist hafa fundið þörf hjá sér til að hegða sér illa.



Þú þarft að vera heilt fyrirtæki en mátt hvorki eldast né vera feit.

Þoli ekki afskiptasemi

„Það er pressa úr öllum áttum. Sonur okkar er að verða níu ára og ég var spurð í fyrra hvort ég ætlaði ekki að eignast annað barn. Ég er 41 árs – hvenær hættu þessar spurningar? Ég skil þetta ekki, ég þori varla að spyrja fólk við hvað það vinnur, mér finnst það svo hnýsið.“

Þegar við vorum að túra á meðan strákurinn okkar var lítill, hvort sem hann var með eða ekki, var alltaf talað við mig eins og ég væri einhver barnamorðingi. Ekki var talað þannig við Árna við hlið mér sem átti þetta barn alveg jafn mikið og ég. Beisikli var bara verið að segja við mig: Farðu heim til þín!“ segir Lóa og hristir hausinn og bendir á að flestir hljómsveitarmedlimir eigi börn en hún ein hafi fengið svona athugasemdir, enda eina konan.

„Ég þoli ekki svona afskiptasemi. Ég er með mjög djúpt „authority vandamál“ og þoli ekki reglur sem er ekki fótur fyrir. Eins og ég skil enn ekki af hverju má ekki hanga á línunni í sundi – slitnar hún eða?“

ALLT

KYNNINGABLAÐ

LAUGARDAGUR 22. maí 2021



Ingibjörg Árelíusar, eða Lilly eins og flestir kalla hana, var slæm og viðkvæm í augunum eftir óvarlega nuddmeðferð sem olli blóði og bjúgi í augum. Í dag, eftir að hafa tekið AstaEye daglega í nokkur ár, segist hún geta notið útsýnisins af svölunum í íbúðinni sinni til fullnustu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Íslensk, náttúruleg og einstök næringarblanda fyrir augnheilsu

Slys olli því að Ingibjörg Árelíusar, eða Lilly, eins og hún er jafnan kölluð, fékk bjúg og blóð í augun. Eftir að Lilly byrjaði að taka daglega inn fæðubótarefnið AstaEye frá SagaNatura fór ástand augna hennar loksins að lagast og augnbotnahrönnun hefur staðið í stað. **2**

Íslensk gæðahráefni fyrir þig



EYLÍF

Heilsan er dýrmætust
www.eylif.is



POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS

ALOE VERA
HREINN SAFI



www.celcus.is

Lilly þjádíst á tímabili mikið vegna bjúgs í augum, sem olli því að blæddi. Ástandið kom til vegna þess að hún hafði farið til nuddara sem fór óvarlega sem orsakaði að það sprungu æðar í augum hennar. „Ég var fyrir vikið óskaplega þreytt í augunum og alveg helaum. Ég gat varla komið við augnsvæðið, það var svo viðkvæmt. Ég fór til læknis sem hélt fyrst að ég hefði fengið högg á höfuðið. Þá byrjaði ég að fá sprautur til þess að laga ástandið, fyrst mánaðarlega og svo með þriggja mánaða millibili. Þá kom í ljós að ég var einnig komin með minniháttar hrörnun í augnbotnum.“

Tíminn leið og ástandið virtist ekki ætla að lagast hjá Lilly. „Ég heyrdi svo af AstaEye í gegnum hana Lilju Kjalarsdóttur, en við vorum báðar staddir á Djúpvogi í ferminu 2018. Við vorum saman í húsi og hittumst svo að segja fyrir tilviljun. Við höfum að ræða um heilsufar og hún minnst í framhaldi á að SagaNatura væri að búa til bætiefni fyrir augu.“

AstaEye flutti Esjuna nær

Í október sama ár byrjaði Lilly að taka AstaEye og fann fljótlega mun á augunum.

„Þegar ég fór til læknis til að fá enn eina sprautuna sagði læknirinn að ástandið hefði stórlagast á augunum og að augnbotnahrörnunin stæði í stað. Þá minnst ég á að ég væri byrjuð að taka AstaEye bætiefni með fram meðferðinni og spurði hvort það gæti verið að hjálpa. Læknirinn spurði á móti hvort ég tryði að það hjálpaði og ég jánkadi því og að kroppurinn væri mér sammála. Þá sagði hann að ég ætti endilega að halda áfram að taka bætiefnið.“

Það er nú svo að trúin flytur fjöll og í mínu tilfelli þá hefur Esjan færst töluvert nær, ekki bara vegna trúarinnar heldur finn ég líka að AstaEye gerir mér gott. Ég get ekki kvartað í dag. Ég er aldrei þreytt eða aum í augunum og ég þarf aldrei orðið að vera með gleraugum sem ég var farin að þurfa til að geta séð á sjónvarp eða annað. Þetta voru rosalega þykkir og þungir flöskubotnar sem mér líkaði aldrei við og nú hef ég alveg lagt þeim.“

Jákvæðni bætir og kætir

„Fjölskyldan mín hefur fengið svo gott í kroppinn og ná flestir fjölskyldumeðlimir um og yfir 98 ára aldri. Sú yngsta af systkinum mömmu, sem varð 97 ára, hún er 92 ára í dag og eldhress. Systir hennar er 99 ára. Við höfum fengið sterk eldrimannagen og það merkilegasta er að ekkert af þessu fólki gengur með gleraugu.“

Þetta var slysi hjá mér. En ég er þakklát að þetta gekk til baka hjá mér, þökk sé AstaEye og sprautu meðferð. Ég má heldur betur vera ánægð að vera svona brött og sjá svona vel, 87 ára gömul. Ég er nú komin í litla íbúð á áttundu hæð með dásamlegu útsýni sem ég get notið til hins ýtrasta. Það gefur svo mikið að geta séð, sérstaklega þegar maður býr í svona fallegu landi. Svo skiptir öllu að vera jákvæður, það gefur þér alltaf nokkur ár í kaupbæti við lífið,“ segir Lilly.

Augnbotnahrörnun algengasta orsök lögblindu

Lilja Kjalarsdóttir, framkvæmdastjóri líftæknifyrirtækisins SagaNatura, segir að fyrirtækið hafi þróað AstaEye sem bætiefni til að viðhalda augnheilsu og koma í veg fyrir hrörnun augnbotna.

„Augnbotnahrörnun er algengasta orsök lögblindu hjá fólki sem er 50 ára og eldra, en þessi tengsl hafa mikið verið rannsökuð. Þá sýndi AREDS2 rannsóknin sem framkvæmd var í Bandaríkjunum fram á að fólk sem fékk lítið af náttúrulegum litarefnum sem finnast m.a. í grænkáli og spinati í gegnum mataræði sitt og fengu



Lilly byrjaði að taka AstaEye 2018 og hefur sjónin stórlagast. Hún er hætt að þurfa stór og þykk gleraugu til að sjá á sjónvarpið og augnbotnahrörnun sem hún greindist með hefur staðið í stað síðan.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON



Lilja Kjalarsdóttir, framkvæmdastjóri líftæknifyrirtækisins SagaNatura, segir það mikilvægt að byrja að taka inn fæðubót fyrir augun til að viðhalda augnheilsu fram eftir aldri. Sérstaklega ef augnbotnahrörnun er í ættinni.



fæðubót með þessum efnum, var 25% ólíklegri til þess að þróa með sér augnbotnahrörnun en viðmiðunarhópur á sama mataræði sem fékk ekki fæðubót. Þetta sýnir að næringar- og snefilefni sem finnast í heilsusamlegu mataræði eru gífurlega mikilvæg þegar kemur að augnheilsu,“ segir Lilja.

Borðaðu regnbogann

Þau litarefni sem eru mikilvæg fyrir sjónina getum við öll fengið úr fæðunni svo lengi sem við veljum nóg af litríku grænmeti og ávöxtum. „Við eigum að borða allan regnbogann svo að segja. En fæstir ná að borða nóg til þess að fá nægilegt magn af litarefnum til að viðhalda sjóninni. Og eftir því sem við eldumst minnkar upptaka næringarefna. Þess vegna getur það skipt verulegu máli að auka inntöku þessara efna með fæðubótarefnum eins og AstaEye.“

Þekkt blanda með lykilhráefni

Til er fjöldi virkra fæðubótarefna á markaðnum fyrir augu, og líkt og flest inniheldur AstaEye bæði

AstaEye fæðubót fyrir augu er einstök á markaðnum þar sem hún inniheldur íslenskt astaxanthin ásamt öðrum þekktum næringarefnum sem styðja við augnheilsu.



lúteín og zeaxanthin sem eru mikilvæg fyrir augnþroska og sjón fullorðinna. Þá verja efnin augun fyrir útfjöluþláum geislum og bláa ljósinu sem skín af tölvuskjám og snjalltækjum allt í kringum okkur.

Einnig eru þar andoxunarefnin C- og E-vítamín sem draga úr hrörnun á augnbotnum og skýjum á auga. Þá er zink í AstaEye, sem er mikilvægt fyrir melanínmyndun í augum, og kopar, sem kemur í veg fyrir blóðleysi sem getur tengst inntöku á zinki.

„Það sem gerir AstaEye einstakt er að við höfum bætt við einu litarefni í viðbót. Í einum dagskammti af AstaEye eru 4 mg af astaxanthin, sem er afar virkt andoxunarefni sem við fáum aðallega úr laxi. Rannsóknunum sem sýna jákvæð áhrif astaxanthins á augnheilsu fjölga stöðugt, en þær eru ekki einungis bundnar við augnbotnahrörnun heldur er líklegt að astaxanthin geti haft áhrif á fjölda annarra kvilla sem hrjá augun.“

Málið með astaxanthin er að það getur verið afar erfitt að fá nóg af því úr fæðunni. En til þess að fá þetta magn af efninu þarf að borða kíló af laxi. Þá inniheldur eldislax ekki náttúrulegt astaxanthin líkt og sá villti. Astaxanthin í AstaEye og fleiri vörum frá SagaNatura ræktum við sjálf upp úr grænþörungum í Hafnarfirði, en í náttúrunni framleidda þessir smáþörungar astaxanthin til að verja sig gegn óæskilegum áhrifum sólarinnar.“

Fyrir fólk á öllum aldri

Eitt af lykilatriðunum þegar verið var að setja formúluna af AstaEye saman, var að varan væri á skyn-

samlegu verði fyrir fólk. „Við höfum ekki eytt miklu í auglýsingar en fólk hefur verið fljótt að átta sig á því hvað AstaEye er virk vara. Móttökurnar hafa verið algerlega frábærar. Þá taka margir íþróttamenn og -konur inn AstaEye, því fyrir marga skiptir augnheilsa gífurlegu máli, til dæmis hjá fólki sem keppir í skotfimi. Fólk er alltaf að uppgötva meira og meira hversu miklu máli það skiptir að borða holla, fjölbreytta og litríka fæðu til að viðhalda góðri heilsu, en það getur verið erfitt í nútímanum að viðhalda því á hverjum degi. Þá koma fæðubótarefni eins og AstaEye sterk inn.“

Hvað varðar Lilly þá er ekki hægt að segja að hún sé fyrirbyggjandi dæmi. Hún var byrjuð í meðferð við bjúgi í augum og komin í lyfjagjöf við hrörnun í augnbotnum, en hvorug meðferðin hafði sýnt fram á mikinn árangur. Hún ákvað að bæta AstaEye við og fljótlega tók læknirinn eftir að bæði blóð og bjúgur minnkaði tiltölulega hratt.

Augnækjar um allan heim þekkja næringarformúluna sem AstaEye byggir á og styðja við notkun á henni til þess að viðhalda augnheilsu. Þá höfum við bætt við astaxanthini, sem er íslensk framleiðsla og íslenskt hugvit, og við trúum því 100% að það auki enn fremur á virkni fæðubótarefnisins. Þetta er alger dúndurblanda fyrir augun, á hvaða aldri sem er í raun og veru. Ef fólk er svo með ættarsögu af augnbotnahrörnun og/eða háum blóðþrýstingi, þá er kjörlið að byrja að taka strax inn fæðubótarefni eins og AstaEye til að fyrirbyggja áður en skemmdir koma fram.“ ■



SUMARNÁMSKEIÐ SMÁRABÍÓS

HVERT NÁMSKEIÐ ER VIKU Í SENN

Mánudaga til föstudaga frá 14. júní til 20. ágúst
kl. 12:30 - 16:00 á Skemmtisvæði Smárabíós

SKIPULÖGÐ DAGSKRÁ ALLA DAGANA OG MUNU ÞÁTTAKENDUR MEÐAL ANNARS PRÓFA:

Leikjasal **Lasertag** Ratleik **Andlitsmálun** Sýndarveruleika
Blöðrugerð Klifurgrind **Rush** Hópleiki **Bíóferð**

TILVALIÐ FYRIR BÖRN Á ALDRINUM 6 TIL 10 ÁRA

Verð: 20.000 kr.

15% systkinaafsláttur

Skráning á smarabio.is/sumarnamskeid

„Dóttur minni
fannst æðislega gaman
og ætlað að skrá
sig aftur“

„Skemmtilegasta
námskeið sem sonur
minn hefur farið á“

„Snilldar námskeið!
Minn er svakalega ánægður
og bara takk kærlega
fyrir minn dreng“

SMÁRA  **BÍÓ**

Heimsækja allar sundlaugar landsins

Vefurinn sundlaugar.com hefur það markmið að hjálpa landsmönnum að uppgötva allar fallegu sundlaugar landsins. Þar er hægt með einföldum hætti að halda utan um allar heimsóknir.

Heiða Harðardóttir og kærasti hennar, Finnur Magnússon, hafa í sameiningu sett upp vefinn sundlaugar.com. Þar er hægt, með einföldum hætti, að halda utan um heimsóknir í sundlaugar landsins og sjá um leið hvaða sundlaugar er eftir að heimsækja. Hugmyndin er þó ekki ný af nálinni, heldur um fjögurra ára hugmynd sem hefur dúkkað reglulega upp að sögn Heiðu. „Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á sundlaugum. Því minni og skrítnari, því betra,“ segir Heiða Harðardóttir, annar stofnenda sundlaugar.com.

Árangursrik samvinna

Finnur, sem er tölvunarfræðingur, hóf að skoða hvernig leysa mætti tæknilegu hliðina, á meðan Heiða vann meira með hugmyndina sjálfa og listaði upp sundlaugar. Hugmyndin fór svo á flug þegar heimsfaraldurinn skall á og þau höfðu aðeins of mikinn tíma saman, að hennar sögn. „Það tók ekki nema viku frá því að við



„Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á sundlaugum. Því minni og skrítnari, því betra,“ segir Heiða Harðardóttir, annar stofnenda sundlaugar.com.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

keyptum lénið sundlaugar.com þar til fyrsta útgáfan var komin í loftið. Finnur sér um tæknina og ég sé um efnistökin. Svo höfum við verið að grípa í þetta oftar eftir því sem áhuginn vex, til dæmis að sjá til þess að upplýsingarnar séu réttar og bæta við virkni á vefinn. Það er merkilega lítið rifist á reglulegum stöðufundum við eldhúsbörðið.“

Margra ára verkefni

Hún segir vefinn vera eins og margar góðar hugmyndir, fyrst og fremst framkvæmdar til að leysa eigin vandamál, sem í þeirra tilfelli var að halda utan um markmiðið að heimsækja allar sundlaugar á landinu. „Það er bara frábært ef

fleiri koma með og setja sér svipuð markmið. Þetta verður margra ára verkefni svo það er nauðsynlegt að hafa gott bókhald meðan við vinnum okkur í gegnum allar laugarnar.“

Hún segir þau vera að skilgreina reglurnar fyrir sig sjálf og þar með alla aðra notendur vefsins. „Fljótlega ákváðum við að skrá eingöngu sundlaugar þar sem hægt er að borga sig inn og skola af sér. Við viljum leyfa náttúrulegum áfram að vera svolitíð dularfullar áfram og finnst það ekki vera okkar að auglýsa þær. Svo eru þær flestar á einkajörðum sem flækir málið enn meira. Þannig að markmiðið er eiginlega bara að hjálpa fólki að



Sundlaug við Reykjafjörð í Arnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

uppgötva allar fallegu sundlaugar okkar hringinn í kringum landið og hvetja það til að heimsækja sem flestar.“

Mikill áhugi á vefnum

Stutt er síðan vefurinn fór í loftið og hefur hann helst verið auglýstur meðal vina og ættingja. „Ef við skoðum skráða notendur í dag sýnist mér meðaltalið fyrir fjölda sundlauga vera nálægt þrjátíu svo þau sem hafa skráð sig hingað til eru líklega fólk sem er jafn galið og við. Það er samt áhugavert að segja frá því að það eru bara sextán aðilar sem hafa farið í fleiri en fimmtíu laugar. Metið er 91 laug!“

Hún segist skynja mikinn áhuga á vefnum og að fjölskyldur hafi til dæmis sameinast í að merkja við sínar laugar og ætla sér stóra hluti í sumar. „Svo vitum við af allavega einum saumaklúbbi sem ætlar í metnaðarfulla keppni. Skömmu eftir að við fórum í loftið fréttum við líka af vinnustaðakeppni sem

hefur verið haldin árlega þar sem starfsfólk verkfræðistofu keppir í sundlaugaferðum. Við fengum sent afrit af excel-skjali þeirra sem sjá um keppnina og erum að klóra okkur í hausnum yfir því hvernig við gætum hugsanlega sett upp eitthvað í líkingu við það. Við viljum endilega hvetja fólk áfram með því að hafa þetta svolitíð keppnis.“

Sjálf fer Heiða oftast í Vesturbæjarlaug og í Laugardalslaugina, sérstaklega ef hún ætla að synda. „En ætli uppáhaldslaugin mín sé ekki laugin í Heydal fyrir vestan og laugin í Selárdal er svo í öðru sæti.“

Sundlaugar landsins munu skipa stóran sess í lífi þeirra í sumar. „Nú er kerfið að verða tilbúið svo markmiðið að klára allar sundlaugar landsins er rækilega komið á kortið. Við hvetjum fólk bara til að koma með okkur í þetta ferðalag og skrá sig á sundlaugar.com. Svo er líka hægt að fylgjast með okkur á Facebook (Sundlaugarnar) og Instagram (@sundlaugar_com).“ ■

A\$AP Rocky vinnur með Morrissey

Þetta kom fram í forsiðu-viðtali við rapparann í bandaríska tímaritinu GQ þar sem hann ræddi nýju plötuna, sem fylgir í kjölfar TESTING, sem kom út árið 2018. Platan er ekki komin með útgáfudag enn þá, en í viðtalinu sagði Rocky, sem heitir réttu nafni Rakim Mayers, að hún væri 90% tilbúin.

oddurfreyr@frettabladid.is

Samstarfið við Morrissey, sem var áður söngvari sveitarinnar The Smiths, kemur mörgum á óvart, en Rocky sagði að Morrissey hefði verið að semja, framleiða og syngja fyrir plötuna og hvað sem

hann þurfi að fá Morrissey til að gera, þá mæti hann og geri það.

Morrissey er umdeildur, en hann hefur látið hafa eftir sér ýmis óvinsæl ummæli á opinberum vettvangi og lýst yfir stuðningi við öfgahægriflokk í Bretlandi.

Rihanna er stóra ástin

Í viðtalinu staðfesti Rocky einnig ástarsamband sitt við söngkonuna Rihönnu og kallaði hana stóru ástina í lífi sínu. Orðrómur um samband þeirra fór af stað árið 2013 en þau hafa ekki gefið upp mikið af smáatriðum varðandi sambandið. Enn þann dag í dag reyna þau að láta ekki ná sér saman á mynd, samkvæmt GQ og í greininni er sagt frá því hvernig þau reyna að forðast



A\$AP Rocky er að vinna með Morrissey fyrir nýju plötuna sína.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

bladaljósmyndara með því að mæta hvort í sínu lagi á viðburði.

Rapparinn sagðist mjög ánægður í sambandinu. „Ég held að þegar þú vitir það, vitirðu það. Hún er sú eina rétta,“ sagði hann. Þarið er víst líka opið fyrir barneignum og

Rocky sagðist viss um að hann yrði æðislegur pabbi.

Rocky sagði einnig að stór hluti af nýju plötunni hefði verið saminn og framleiddur á meðan hann keyrði þvert yfir Bandaríkin með Rihönnu.

„Að geta keyrt og ferðast um án þess að það sé einhver kvöð eða vinna, mér finnst það einstök upplifun,“ sagði hann.

Ekki hefur verið staðfest hvort Rihanna kemur fram á plötunni, en Rocky segir hana hafa haft mikil áhrif á verkefnið og sagði mikilvægt að geta rætt skapandi hugmyndir við einhvern annan til að fá annað sjónarhorn.

Rocky sagði að nýja platan væri ástarsaga úr fátækrahverfi og mun þroskaðri en fyrra efni hans.

Ekki illa við Svíþjóð

Rapparinn ræddi einnig handtöku sína og fangelsisvist í Svíþjóð árið 2019, sem átti sér stað eftir að hann lenti hann í átökum við aðdáendur. Þar þurfti hann að dúsa í einangrun í mánuð og sagði að það væri líklega það leiðinlegasta sem væri hægt að hugsa sér. Hann sagði samt að hann hefði heimsótt landið síðan og að hann ætli sér að gera það aftur.

Málið vakti athygli Donalds Trump, þáverandi Bandaríkjaforseta, en Rocky sagði að það væri misskilningur að Trump hafi hjálpað til við að frelsa hann.

